

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis.

1. gr.

Innleiðing.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í I. kafla, I. viðauka, skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af I. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2007, frá 27. október 2007, öðlast eftirfarandi EB-gerðir gildi hér á landi:

- a) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis.
- b) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1663/2006 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis.

2. gr.

Fylgiskjöl.

Ofangreindar reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins annars vegar og framkvæmdastjórnarinnar hins vegar skv. 1. gr. eru birtar sem fylgiskjöl I og II við reglugerð þessa.

3. gr.

Samþykki opinbers eftirlitsaðila.

Þegar ofangreindar reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar kveða á um tiltekið „samþykki“ opinbers eftirlitsaðila fullnægja slíkir aðilar lagaskyldu sinni með útgáfu starfsleyfis nema annað sé sérstaklega tekið fram.

4. gr.

Viðbætur.

Eftirfarandi viðbætur verða á efnisákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004:

- a) Eftirfarandi bætist við í a-lið 3. mgr. í III. kafla I. þáttar I. viðauka: „NO“ og „IS“.
- b) Eftirfarandi bætist við í c-lið 3. mgr. í III. kafla I. þáttar I. viðauka: „EFTA“.

5. gr.

Eftirlit.

Matvælastofnun og heilbrigðisnefndir sveitarfélaga undir yfirumsjón Matvælastofnunar fara með eftirlit með því að ákvæðum þessarar reglugerðar sé framfylgt í samræmi við 6. og 22. gr. laga nr. 93/1995.

6. gr.

Þvingunarúrræði og viðurlög.

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt 30. gr., 30. gr. a – 30. gr. e og 31. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli.

7. gr.

Lagastof.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 31. gr. a laga nr. 93/1995 um matvæli, með síðari breytingum.

8. gr.
Gildistaka.

Reglugerðin öðlast gildi 1. mars 2010. Þó taka efnisákvæði ofangreindra reglugerða skv. 1. gr. ekki til kjöts, mjólkur, eggja og hrárra afurða úr þessum matvælategundum fyrr en 1. nóvember 2011.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 26. janúar 2010.

Jón Bjarnason.

Baldur P. Erlingsson.

Fylgiskjal I.

**Leiðrétting á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004
frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu
sem eru ætlaðar til manneldis**

(Stjórnartíðindi Evrópusambandsins L 139 frá 30. apríl 2004)

Reglugerð (EB) nr. 854/2004 verði svohljóðandi:

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 854/2004

frá 29. apríl 2004

**um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru
ætlaðar til manneldis**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum b-lið 4. mgr. 152. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ⁽²⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 ⁽⁴⁾ er mælt fyrir um almennar reglur um hollustuhætti að því er varðar öll matvæli og í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 ⁽⁵⁾ er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða afurðir úr dýraríkinu.
- 2) Sértækar reglur um opinbert eftirlit með afurðum úr dýraríkinu eru nauðsynlegar til að taka tillit til sérstakra þátta sem tengjast slíkum afurðum.
- 3) Rétt er að gildissvið þessara sértæku reglna um opinbert eftirlit endurspegli þær sértæku reglur um hollustuhætti sem gilda fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004. Þó ber aðildarríkjunum einnig að hafa viðeigandi opinbert

eftirlit með framfylgd landsbundinna reglna sem settar eru í samræmi við 4. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar. Þeim er heimilt að gera það með því að láta meginreglur þessarar reglugerðar ná yfir slíkar landsbundnar reglur.

- 4) Opinbert eftirlit með afurðum úr dýraríkinu skal taka til allra þátta sem mikilvægir eru til að vernda lýðheilsu og, þar sem við á, heilbrigði og velferð dýra. Það skal grundvallað á nýjustu, tiltækum upplýsingum sem máli skipta og því ætti að vera hægt að aðlaga það nýjum upplýsingum um leið og þær liggja fyrir.
- 5) Löggjöf Bandalagsins um öryggi matvæla skal byggja á traustum, vísindalegum grundvelli. Í því skyni skal samráð haft við Matvælaöryggisstofnun Evrópu hvenær sem nauðsyn ber til.
- 6) Eðli og umfang opinbers eftirlits skal grundvallað á mati á áhættu fyrir lýðheilsu og á heilbrigði dýra og velferð þeirra og, þar sem við á, þá tegund framleiðsluferlis sem er notað og afköst þess og viðkomandi stjórnendur matvælafyrirtækis.
- 7) Kveða skal á um aðlögun sértækra eftirlitsreglna á grundvelli hinnar gagnsæju málsmeðferðar, sem kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 852/2004 og reglugerð (EB) nr. 853/2004, þannig að sveigjanleiki gefist til að koma til móts við sérstakar þarfir starfsstöðva sem nota hefðbundnar aðferðir, hafa litla framleiðslu eða eru staðsettar á svæðum sem líða fyrir sérstakur, landfræðilegar takmarkanir. Í þessari málsmeðferð skal einnig gera ráð fyrir tilraunaverkefnum í því skyni að prófa nýjar aðferðir við eftirlit með hollustuháttum í kjötf framleiðslu. Slíkur sveigjanleiki má þó ekki stofna í hættu markmiðum sem sett eru um hollustuhætti í tengslum við matvæli.
- 8) Opinbert eftirlit með framleiðslu kjötværa er nauðsynlegt til þess að ganga úr skugga um að stjórnendur matvælafyrirtækja fari að reglum um hollustuhætti og virði viðmiðanir og markmið sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins. Þetta opinbera eftirlit skal taka til úttektar á starfi stjórnenda matvælafyrirtækja og skoðana, þ.m.t. athugun, á því eftirliti sem stjórnendur matvælafyrirtækja annast sjálfir.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 262 E, 29.10.2002, bls. 449.

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 95, 23.4.2003, bls. 22.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 5. júní 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB), sameiginleg afstaða ráðsins frá 27. október 2003 (Stjtið. ESB C 48 E, 24.2.2004, bls. 82), afstaða Evrópuþingsins frá 30. mars 2004 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB) og ákvörðun ráðsins frá 16. apríl 2004.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 3.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22.

- 9) Með hliðsjón af sérþekkingu opinberra dýralækna er rétt að þeir annast úttektir og skoðanir í sláturhúsum, starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr og tilteknum stykkjunarstöðvum. Aðildarríkin skulu sjálf ákveða hvers konar starfsfólk sé best til þess fallið að annast úttektir og skoðanir í öðrum tegundum starfsstöðva.
- 10) Opinbert eftirlit með framleiðslu á lifandi samlokum og með lagarafurðum er nauðsynlegt til þess að ganga úr skugga um að farið sé að þeim viðmiðunum og að þeim markmiðum sé náð sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins. Opinbert eftirlit með framleiðslu á lifandi samlokum ætti aðallega að beinast að umlagningar- og framleiðslusvæðum fyrir samlokur og að tilbúnum afurðum.
- 11) Opinbert eftirlit með framleiðslu á hrámjólk er nauðsynlegt til þess að ganga úr skugga um að farið sé að þeim viðmiðunum og að þeim markmiðum sé náð sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins. Slíkt opinbert eftirlit ætti aðallega að beinast að mjólkurframleiðslubúum og hrámjólk við söfnun.
- 12) Kröfurnar í þessari reglugerð gilda ekki fyrir en allir hlutar hinnar nýju löggjafar um hollustuhætti varðandi matvæli hafa öðlast gildi. Enn fremur þykir rétt að kveða á um að a.m.k. 18 mánuðir líði frá gildistöku nýju reglnanna þar til þeim verður hrundið í framkvæmd svo að lögbærum yfirvöldum og viðkomandi atvinnugreinum gefist tími til að laga sig að þeim.
- 13) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið⁽¹⁾.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið

- Í þessari reglugerð er mælt fyrir um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýrarákinu.
- Þessi reglugerð gildir eingöngu um starfsemi og einstaklinga sem falla undir reglugerð (EB) nr. 853/2004.
- Framkvæmd opinbers eftirlits samkvæmt þessari reglugerð skal ekki hafa áhrif á frumábyrgð stjórnenda matvælafyrirtækja sem er að tryggja öryggi matvæla, eins og mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 um almennar meginreglur og kröfur samkvæmt

lögum um matvæli, um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla⁽²⁾, eða einkaréttar- og refsíabyrgð standi þeir ekki við skuldbindingar sínar.

2. gr.

Skilgreiningar

- Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
 - „opinbert eftirlit“: hvers kyns eftirlit sem lögbært yfirvald framkvæmir til að sannprófa að farið sé að lögum um matvæli, þ.m.t. ákvæði um heilbrigði og velferð dýra,
 - „sannprófun“: aðgerð sem felst í því að kanna, með rannsókn og framlagningu hlutlægra sönnunargagna, hvort tilgreindar kröfur hafi verið uppfylltar,
 - „lögbært yfirvald“: stjórnvald aðildarríkis sem er til þess bært að annast heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum eða hvert annað yfirvald sem er falin sú ábyrgð,
 - „úttekt“: kerfisbundin og sjálfstæð rannsókn til þess að skera úr um hvort starfsemi og tengdur árangur sé í samræmi við skipulagt fyrirkomulag og hvort þessu fyrirkomulagi sé komið á með skilvirkum hætti og hvort það nægi til þess að settum markmiðum verði náð,
 - „skoðun“: rannsókn á starfsstöðvum, dýrum og matvælum og vinnslu þeirra, matvælafyrirtækjum og stjórnunar- og framleiðslukerfum þeirra, þ.m.t. skjöl, prófanir á fullnum vörum og athuganir á fyrirkomulagi á fúðurgjöf, og á uppruna- og viðtökustað hráefna og hjálparefna sem og framleiðsluvara til þess að ganga úr skugga um að farið sé að lögum í öllum tilvikum,
 - „opinber dýralæknir“: dýralæknir með menntun og hæfi í samræmi við þessa reglugerð og sem tilnefndur er sem slíkur af lögbæru yfirvaldi,
 - „viðurkenndur dýralæknir“: dýralæknir sem lögbært yfirvald tilnefnir til að annast fyrir sína hönd sérstakt opinbert eftirlit á bújörð,
 - „opinber aðstoðarmaður“: einstaklingur með menntun og hæfi í samræmi við þessa reglugerð til að starfa sem opinber aðstoðarmaður og er tilnefndur af lögbæru yfirvaldi og vinnur undir stjórn opinbers dýralæknis og á hans ábyrgð,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1642/2003 (Stjtið. ESB L 245, 29.9.2003, bls.4).

i) „heilbrigðismerki“: merki sem gefur til kynna að opinbert eftirlit hafi, þegar merkið var sett á, farið fram í samræmi við þessa reglugerð.

2. Skilgreiningarnar, sem mælt er fyrir um í eftirfarandi reglugerðum, gilda einnig eftir því sem við á:

a) reglugerð (EB) nr. 178/2002,

b) skilgreiningarnar á hugtökunum „aukaafurðir úr dýrum“, „smitandi heilahrörnumarsjúkdómar“ (TSE) og „sérstakt áhættuefni“ sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 frá 3. október 2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manndis (¹),

c) reglugerð (EB) nr. 852/2004, að undanskilinni skilgreiningunni á hugtakinu „lögbært yfirvald“,

og

d) reglugerð (EB) nr. 853/2004.

II. KAFLI

OPINBERT EFTIRLIT MED STARFSSTÖÐVUM Í BANDALAGINU

3. gr.

Samþykki fyrir starfsstöðvar

1. a) Ef krafist er samþykkis fyrir starfsstöðvar (starfsleyfis fyrir starfsstöðvar) í lögum Bandalagsins skal lögbært yfirvald fara á vettvang í eftirlitsskyni. Það veitir ekki samþykki sitt fyrir viðkomandi starfsstöð nema stjórnandi matvælafyrirtækisins geti sýnt fram á að hún uppfylli viðeigandi kröfur reglugerða (EB) nr. 852/2004 og (EB) nr. 853/2004 og aðrar viðeigandi kröfur í lögum um matvæli.

b) Lögbæru yfirvaldi er heimilt að veita skilyrt samþykki ef vettvangsferðin leiðir í ljós að starfsstöðin uppfyllir allar kröfur um grunnvirki og búnað. Ekki skal veita fullt samþykki nema önnur vettvangsferð, innan þriggja mánaða frá því að skilyrta samþykkið var veitt, leiði í ljós að starfsstöðin uppfylli aðrar kröfur sem um getur í a-lið. Hafí augljósar framfarir átt sér stað, þótt starfsstöðin uppfylli ekki enn allar þessar kröfur, getur lögbæra yfirvaldið framlengt skilyrta samþykkið. Þó má skilyrta samþykkið ekki gilda lengur en sex mánuði samtals.

2. Þegar um er að ræða verksmiðjuskip og frystiskip, sem sigla undir fána aðildarríkja, er heimilt, ef nauðsyn ber til, að framlengja þriggja og sex mánaða hámarks tímabilin sem gilda fyrir skilyrta samþykki fyrir aðrar starfsstöðvar. Þó má skilyrta samþykkið ekki gilda lengur en 12 mánuði samtals. Skoðun slíkra skipa skal fara fram eins og tilgreint er í III. viðauka.

3. Lögbært yfirvald skal úthluta hverri samþykktari starfsstöð, þ.m.t. þeim sem hafa fengið skilyrt samþykki, samþykkisnúmeri, sem hægt er að bæta kóðum við, sem sýnir þær tegundir afurða úr dýrarákinu sem eru framliddar. Hvað varðar heildsölumarkaði má bæta við öðrum númerum við samþykkisnúmerið sem tilgreina einingar eða hópa eininga sem selja eða framleiða afurðir úr dýrarákinu.

4. a) Endurskoðun á samþykki starfsstöðvanna skal vera liður í opinberu eftirliti lögbærra yfirvalda í samræmi við 4.-8. mgr.

b) Ef lögbæra yfirvaldið uppgötvar verulega vanrækslu eða verður ítrekað að stöðva framleiðslu starfsstöðvar og stjórnandi matvælafyrirtækisins getur ekki lagt fram nægilegar ábyrgðir vegna áframhaldandi framleiðslu svo viðunandi sé skal það hefja málsmeðferð til þess að afturkalla samþykki starfsstöðvarinnar. Hins vegar er lögbæra yfirvaldinu heimilt að fella samþykki starfsstöðvarinnar niður tímabundið ef stjórnandi marvælafyrirtækisins getur ábyrgst að úrbætur verði gerðar innan eðlilegra tímamarka.

c) Þegar um er að ræða heildsölumarkaði er lögbæra yfirvaldinu heimilt að afturkalla samþykki eða fella það tímabundið úr gildi að því er varðar tiltekna einingar eða hópa eininga.

5. Ákvæði 1., 2. og 3. mgr. gilda bæði um:

a) starfsstöðvar sem settu afurðir úr dýrarákinu fyrst á markað þann dag eða eftir þann dag sem beiting þessarar reglugerðar hefst

og

b) starfsstöðvar sem hafa þegar sett afurðir úr dýrarákinu á markað án þess að þær hefðu áður þurft samþykki. Í síðarnefnda tilvikinu skal lögbæra yfirvaldið fara á vettvang, eins og krafist er í 1. mgr., eins fljótt og auðið er.

Ákvæði 4. mgr. gilda einnig um samþykktar starfsstöðvar sem settu afurðir úr dýrarákinu á markað, í samræmi við löggjöf Bandalagsins, rétt áður en beiting þessarar reglugerðar hófst.

6. Aðildarríkin skulu halda uppfærðar skrár yfir samþykktar starfsstöðvar, ásamt samþykkisnúmerum þeirra og öðrum upplýsingum sem máli skipta, og veita öðrum aðildarríkjum og almenningi aðgang að þeim á þann hátt sem tilgreina má nánar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

(¹) Stjótd. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 813/2003 (Stjótd. ES L 117, 13.5.2003, bls. 22).

4. gr.

Almennar meginreglur um opinbert eftirlit með öllum afurðum úr dýraríkinu sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar

1. Aðildarríkin skulu sjá til þess að stjórnendur matvælafyrirtækja veiti alla aðstoð sem þörf er á til að tryggja að lögbæra yfirvaldið geti annast opinbert eftirlit með skilvirkum hætti.

Þeir skulu einkum:

- veita aðgang að öllum byggingum, athafnasvæðum, búnaði og öðrum grunnvirkjum,
- leggja fram öll gögn og skrár sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð eða sem lögbæra yfirvaldið telur nauðsynleg til að meta stöðuna.

2. Lögbæra yfirvaldið skal annast opinbert eftirlit til að ganga úr skugga um að stjórnendur matvælafyrirtækja uppfylli kröfur:

a) reglugerðar (EB) nr. 852/2004,

b) reglugerðar (EB) nr. 853/2004

og

c) reglugerðar (EB) nr. 1774/2002.

3. Opinbera eftirlitið, sem um getur í 1. mgr., skal fela í sér:

a) úttekt á góðum hollustustarfsvenjum og verklagsreglum sem grundvallast á greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum.

b) opinbera eftirlitið sem tilgreint er í 5. til 8. gr.

og

c) öll þau sérstöku úttektarverkefni sem tilgreind eru í viðaukunum.

4. Úttekt á góðum hollustustarfsvenjum skal leiða í ljós að stjórnendur matvælafyrirtækja noti stöðugt og á réttan hátt verklagsreglur sem varða a.m.k. eftirfarandi þætti:

a) eftirlit með upplýsingum um matvælaferlið,

b) hönnun og viðhald á athafnasvæðum og búnaði,

c) hollustuhætti fyrir, við og eftir framleiðslu,

d) persónulegt hreinlæti,

e) þjálfun sem varðar hollustuhætti og starfsaðferðir,

f) varnir gegn skaðvöldum,

g) vatnsgæði,

h) hitastýringu

og

i) eftirlit með matvælum sem flutt eru til og frá starfsstöðinni og öll fylgiskjöl.

5. Við úttekt á verklagsreglum, sem grundvallast á greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum skal ganga úr skugga um að stjórnendur matvælafyrirtækja noti þessar verklagsreglur stöðugt og á réttan hátt og sérstakt tillit skal tekið til þess að tryggt sé að verklagsreglur feli í sér ábyrgðir sem tilgreindar eru í II. þætti II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004. Úttektir skulu einkum skera úr um hvort verklagsreglur tryggja, eftir því sem við verður komið, að afurðir úr dýraríkinu:

a) uppfylli þær örverufræðilegu viðmiðanir sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins,

b) séu í samræmi við löggjöf Bandalagsins um efnaleifar, aðskotaefni og efni sem bannað er að nota

og

c) innihaldi ekkert sem hefur í för með sér líkamlega hættu, s.s. aðskotahluti.

Ef stjórnandi matvælafyrirtækis notar, í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004, verklagsreglur, sem settar eru fram í leiðbeiningum um beitingu meginreglna um greiningu á hættu og mikilvæga stýristaði, fremur en að koma á sínum eigin sértæku verklagsreglum skal úttektin taka til þess hvort leiðbeiningunum sé fylgt á réttan hátt.

6. Sannprófun á samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 853/2004 um notkun auðkennismerkja skal fara fram í öllum starfsstöðvum sem hafa verið samþykktar í samræmi við þá reglugerð, auk sannprófunar á því hvort farið er að öðrum kröfum um rekjanleika.

7. Ef um sláturhús er að ræða, starfsstöðvar, sem meðhöndla veiðidýr, og stykkjunarstöðvar, sem setja nýtt kjöt á markað, skal opinber dýralæknir annast úttektirnar sem um getur í 3. og 4. mgr.

8. Við úttektir sínar skal lögbæra yfirvaldið einkum:

a) ganga úr skugga um að starfsfólk og störf þess í starfsstöðinni sé á öllum stigum framleiðslunnar í samræmi við viðeigandi kröfur reglugerðanna sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. Til stuðnings úttektinni er lögbæra yfirvaldinu heimilt að gera frammistöðuprófun til þess að ganga úr skugga um að frammistaða starfsfólks sé í samræmi við tilgreindar færðbreytur,

b) yfirfara viðeigandi skrár stjórnanda matvælafyrirtækisins,

c) taka sýni til greiningar á rannsóknarstofu hvenær sem nauðsyn krefur

og

d) skjalfesta þá þætti sem teknir eru fyrir og niðurstöður úttektarinnar.

9. Eðli og umfang úttektarverkefna skal að því er einstakar starfsstöðvar varðar miðast við metna áhættu. Í þessu skyni skal lögbæra yfirvaldið reglulega meta:

a) hvort lýðheilsu, og eftir því sem við á, heilbrigði dýra er hætta búin,

b) þætti sem varða velferð dýra, þegar um er að ræða sláturhús,

c) þá tegund framleiðsluferils sem er notað og afköst þess

og

d) hvort stjórnandi matvælaframleiðisins hefur fram að þessu farið að lögum um matvæli.

5. gr.

Nýtt kjöt

Aðildarríkin skulu tryggja að opinbert eftirlit með nýju kjöti fari fram í samræmi við I. viðauka.

1) Opinberi dýralæknirinn skal annast eftirlit í sláturhúsum, starfsstöðvum, sem meðhöndla veiðidýr, og stykkjunarstöðvum, sem setja nýtt kjöt á markað í samræmi við almennu kröfurnar í II. kafla I. þáttar í I. viðauka og í samræmi við sértækar kröfur sem settar eru fram í IV. þætti, einkum að því er varðar:

a) upplýsingar um matvælaferlið,

b) skoðun fyrir slátrun,

c) velferð dýra,

d) skoðun eftir slátrun,

e) tilgreint áhættuefni og aðrar aukaafurðir úr dýrum

og

f) prófanir á rannsóknarstofu.

2) Stimplun heilbrigðisefirlits á skrokka hóf- og klaufdýra, alinna villtra spendýra, annarra en nartara, og stórra, villtra veiðidýra, sem og hálfra skrokka, fjórðunga og stykkja sem framleidd eru með því að skera hálfskrokka niður í þrjá stærðarhluta, skal fara fram í sláturhúsum og starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr í samræmi við III. kafla I. þáttar í

I. viðauka. Opinberi dýralæknirinn setur heilbrigðismerki á eða ábyrgist að þau séu sett á eftir að opinbert eftirlit hefur leitt í ljós að kjötið sé laust við annmarka sem gera það óhæft til manneldis.

3) Þegar opinberi dýralæknirinn hefur framkvæmt eftirlitið, sem um getur í 1. og 2. mgr., skal hann gera þær nauðsynlegu ráðstafanir sem um getur í II. þætti I. viðauka, einkum að því er varðar:

a) tilkynningu á niðurstöðum skoðana,

b) ákvarðanir varðandi upplýsingar um matvælaferlið,

c) ákvarðanir varðandi lifandi dýr,

d) ákvarðanir varðandi velferð dýra,

og

e) ákvarðanir varðandi kjöt.

4) Opinberir aðstoðarmenn mega aðstoða opinbera dýralækninn við opinbert eftirlit sem er framkvæmt í samræmi við I. og II. þátt I. viðauka, eins og tilgreint er í I. kafla í III. þætti. Í því tilviki skulu þeir starfa sem hluti af óháðum hópi.

5) a) Aðildarríkin skulu sjá til þess að þau hafi yfir að ráða nógu mörgum starfsmönnum til að annast opinbera eftirlitið sem krafist er skv. I. viðauka og að það sé framkvæmt eins oft og tilgreint er í II. kafla III. þætti.

b) Til þess að meta fjölda opinberra starfsmanna sem þarf að vera við slátrun í tilteknu sláturhúsi skal styðjast við aðferð sem tekur mið af áhættu. Lögbæra yfirvaldið skal ákveða þann fjölda opinberra starfsmanna sem kemur að þessu og hann verður að vera nægilegur til þess að uppfylla megi kröfur þessarar reglugerðar.

6) a) Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa starfsmönnum sláturhúsa að aðstoða opinbera dýralækninn við opinbert eftirlit með því að annast tiltekin, sértæk verkefni undir hans stjórn sem tengjast framleiðslu á kjöti af alifuglum og nörturum í samræmi við A-hluta III. kafla III. þáttar I. viðauka. Heimili aðildarríkin þetta skulu þau sjá til þess að starfsmenn sem annast slík verkefni:

i) hafi menntun og hæfi til starfsins og hafi fengið þjálfun í samræmi við þessi ákvæði,

ii) starfi óháð starfsfólki í framleiðslu

og

iii) tilkynni opinbera dýralækninum um alla ágalla.

- b) Aðildarríkjunum er einnig heimilt að leyfa starfsmönnum sláturhúsa að annast sértæk sýnatöku- og prófunarverkefni í samræmi við B-hluta III. kafla III. þáttar í I. viðauka.
- 7) Aðildarríkin skulu sjá til þess að opinberir dýralæknar og opinberir aðstoðarmenn hafi menntun og hæfi til starfsins og fái þjálfun í samræmi við IV. kafla III. þáttar I. viðauka.

6. gr.

Lifandi samlokur

Aðildarríkin skulu sjá til þess að opinbert eftirlit sé haft með framleiðslu og setningu lifandi samloka, skrápdyra, möttuldýra og sæsnigla á markað eins og lýst er í II. viðauka.

7. gr.

Lagarafurðir

Aðildarríkin skulu tryggja að opinbert eftirlit með lagarafurðum fari fram í samræmi við III. viðauka.

8. gr.

Hrámjólk og mjólkurafurðir

Aðildarríkin skulu tryggja að opinbert eftirlit með hrámjólk og mjólkurafurðum fari fram í samræmi við IV. viðauka.

9. gr.

Aðgerðir ef ákvæðum er ekki fylgt

1. Ef lögbært yfirvald kemst að raun um að ákvæðum reglugerðanna, sem um getur í a- og b-lið 2. mgr. 4. gr., er ekki fylgt skal það grípa til aðgerða til að tryggja að stjórnandi matvælafyrirtækisins ráði bót á ástandinu. Lögbæra yfirvaldið skal taka mið af því hvers eðlis vanrækslan er og skráðum heimildum um vanrækslu stjórnanda matvælafyrirtækisins þegar það ákveður til hvaða aðgerða skuli gripið.

2. Slíkar aðgerðir skulu, eftir því sem við á, fela í sér eftirfarandi ráðstafanir:

- a) skipun um aðgerðir í hreinlætismálum eða hvers kyns úrbætur sem teljast nauðsynlegar til þess að tryggja öryggi afurða úr dýrarikinu eða það að viðeigandi lagaákvæðum sé fylgt,
- b) takmörkun eða bann við setningu afurða úr dýrarikinu á markað eða innflutningi eða útflutningi þeirra,
- c) vöktun á eða, ef nauðsyn krefur, fyrirskipun um að innkalla, taka af markaði og/eða farga afurðum úr dýrarikinu,

d) leyfi til að nota afurðir úr dýrarikinu í öðrum tilgangi en þeim sem þær voru upphaflega ætlaðar til,

e) tímabundna stöðvun á rekstri eða lokun á allri eða hluta af starfsemi viðkomandi matvælafyrirtækis í hæfilega langan tíma,

f) tímabundna niðurfellingu eða afturköllun á samþykki starfsstöðvarinnar,

g) haldlagningu og síðan förgun eða endursendingu, ef um er að ræða sendingu frá þriðju löndum,

h) hvers kyns ráðstafanir aðrar sem lögbæra yfirvaldið telur við hæfi.

3. Lögbæra yfirvaldið skal láta stjórnanda viðkomandi matvælafyrirtækis, eða fulltrúa hans, í té:

a) skriflega tilkynningu um ákvörðun sína varðandi aðgerðir sem grípa skal til í samræmi við 1. mgr. ásamt rökstuðningi fyrir ákvörðuninni

og

b) upplýsingar um rétt til að áfrýja slíkum ákvörðunum og um gildandi málsmeðferð og fresti.

Þegar við á skal lögbæra yfirvaldið einnig tilkynna lögbæra yfirvaldinu í sendingaraðildarríkinu um ákvörðun sína.

III. KAFLI

MÁLSMEDFERÐ VARÐANDI INNFLUTNING

10. gr.

Almennar meginreglur og skilyrði

Til þess að tryggja samræmda beitingu meginreglnanna og skilyrðanna, sem mælt er fyrir um í 11. gr. reglugerð (EB) nr. 178/2002, gildir málsmeðferðin sem mælt er fyrir um í þessum kafla.

11. gr.

Skrár yfir þriðju lönd og hluta þriðju lands sem innflutningur á tilgreindum afurðum úr dýrarikinu er leyfður frá

1. Afurðir úr dýrarikinu skulu eingöngu fluttar frá þriðja landi eða hluta þriðja lands sem er að finna í skrá sem samin er og uppfærð í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

2. Einungis skal tilgreina þriðja land í slíkri skrá ef Bandalagið hefur látið fara þar fram eftirlit sem leiðir í ljós að lögbært yfirvald leggur fram viðeigandi ábyrgðir eins og tilgreint er í 4. mgr. Þó mál tilgreina þriðja land í slíkum skráum án þess að eftirlit Bandalagsins hafi farið þar fram ef:

- a) áhættan, sem ákvæðuð er í samræmi við 18. lið 18. gr., réttlætir ekki eftirlit

og

- b) ljóst er, þegar ákveðið er að bæta tilteknu þriðja landi í skrá í samræmi við 1. mgr., að lögbæra yfirvaldið leggur, samkvæmt öðrum upplýsingum, fram nauðsynlegar ábyrgðir.

3. Heimilt er að sameina skrár, sem samdar eru í samræmi við ákvæði þessarar greinar, öðrum skráum sem samdar eru með dýraheilbrigði og lýðheilsu í huga.

4. Þegar skrár eru samdar eða uppfærðar skal einkum taka mið af eftirfarandi viðmiðunum:

- a) löggjöf þriðja landsins um,

i) afurðir úr dýraríkinu,

ii) notkun dýralyfja, þ.m.t. reglur um bann eða leyfi fyrir þeim, dreifingu og setningu þeirra á markað, sem og reglur um stjórnun og skoðun

og

iii) tilreiðslu og notkun fódurs, þ.m.t. aðferðir varðandi notkun aukefna og tilreiðsla og notkun lyfjablandaðs fódurs, sem og gæði hráefnanna, sem eru notuð til að tilreiða fóður og lokaafurðina, með tilliti til hollustuhátta þeirra,

- b) því hvernig fyrirkomulagi lögbærra yfirvalda í þriðju löndunum er háttað, valdheimildum þeirra og sjálfstæði, eftirliti með þeim og þeim heimildum sem þau hafa til þess að beita gildandi löggjöf á skilvirkan hátt,

- c) þjálfun starfsfólks til að annast opinbert eftirlit:

- d) þeim tilföngum sem lögbær yfirvöld hafa yfir að ráða, þ.m.t. búnaður til sjúkdómsgreiningar,

- e) tilvist og beitingu skjalfestra eftirlitsaðferða og eftirlitskerfa sem grundvallast á forgangsverkefnum,

- f) heilbrigðisástandi dýra, þar sem við á, og aðferðum við að tilkynna framkvæmdastjórninni og öðrum viðeigandi alþjóðastofnunum um uppkomu dýrasjúkdóma,

- g) umfangi og framkvæmd opinbers eftirlits með innflutningi á dýrum og afurðum úr dýraríkinu,

- h) þeim tryggingum sem þriðja land getur veitt fyrir því að farið sé að kröfum Bandalagsins eða jafngildum kröfum,

- i) hollustuháttum við framleiðslu, meðhöndlun, geymslu og afgreiðslu afurða úr dýraríkinu, sem ætlaðar eru fyrir Bandalagið,

- j) allri reynslu af setningu afurða frá þriðja landi á markað og niðurstöðum hvers kyns innflutningseftirlits,

- k) niðurstöðum úr eftirliti af hálfu Bandalagsins í þriðja landinu, einkum niðurstöðum mats lögbærra yfirvalda og aðgerðum sem lögbær yfirvöld hafa gripið til í ljósi tilmæla sem beint hefur verið til þeirra í kjölfar eftirlits Bandalagsins,

- l) tilvist, framkvæmd og tilkynningum um áætlan sem samþykkt hefur verið um varnir gegn mannsmitanlegum dýrasjúkdómum

og

- m) tilvist, framkvæmd og tilkynningum um viðurkennda áætlan um eftirlit með efnaleifum.

5. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að almenningur hafi aðgang að nýjustu útgáfum af öllum skráum sem eru samdar eða uppfærðar í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

12. gr.

Skrá yfir starfsstöðvar, þaðan sem innflutningur á tilgreindum afurðum úr dýraríkinu er leyfður

1. Einungis er heimilt að flytja afurðir úr dýraríkinu inn til Bandalagsins ef þær hafa verið sendar frá og framleiddar eða tilreiddar í starfsstöðvum sem er að finna í skráum sem eru samdar og uppfærðar í samræmi við þessa grein, nema:

- a) þegar ákveðið er í hverju einstöku tilviki fyrir sig og í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 19. gr., að ábyrgðirnar, sem tiltekið þriðja ríki veitir vegna innflutnings á tilteknum afurðum úr dýraríkinu, séu þannig að ekki sé þörf á málsmeðferðinni, sem kveðið er á um í þessari grein, til þess að tryggja að kröfum í 2. mgr. sé fullnægt

og

- b) í þeim tilvikum sem tilgreind eru í V. viðauka.

Að auki er eingöngu heimilt að flytja inn til Bandalagsins nýtt kjöt, kjöthakk, unnar kjötvörur, kjötafurðir og vélúrbeinað kjöt ef þessar vörur hafa verið framleiddar úr kjöti frá sláturhúsum og stykkjunarstöðvum, sem tilgreindar eru í skránum sem samdar eru og uppfærðar í samræmi við þessa grein, eða í samþykktum stöðvum Bandalagsins.

2. Óheimilt er að færa starfsstöð í slíka skrá nema lögbært yfirvald í upprunalandi, sem er þriðja land, ábyrgist að:

a) starfsstöðin, sem og allar aðrar starfsstöðvar sem meðhöndla hráefni úr dýraríkinu, sem notað er til framleiðslu á viðkomandi dýraafurðum, fari að viðeigandi kröfum Bandalagsins, einkum þeim sem er að finna í reglugerð (EB) nr. 853/2004, eða kröfum sem teljast sambærilegar þeim kröfum þegar ákveðið er að bæta þessu þriðja landi í viðeigandi skrá í samræmi við 11. gr.,

b) opinber skoðunarþjónusta í því þriðja landi hafi eftirlit með starfsstöðvunum og láti framkvæmdastjórninni í té, ef nauðsyn krefur, allar upplýsingar sem máli skipta um starfsstöðvar sem útvega hráefni

og

c) það hafi raunverulegar valdheimildir til þess að stöðva útflutning frá þessum starfsstöðvum til Bandalagsins uppfylli þær ekki kröfurnar sem um getur í a-lið.

3. Lögbæru yfirvöldin í þriðju löndum, sem er að finna í skránum sem samdar eru og uppfærðar í samræmi við 11. gr., skulu ábyrgjast að skránar yfir starfsstöðvamar, sem um getur í 1. mgr., séu samdar, uppfærðar og þeim komið á framfæri við framkvæmdastjórnina.

4. a) Framkvæmdastjórnin skal reglulega senda tengiliðum, sem aðildarríkin hafa tilnefnt í því skyni, tilkynningu um nýjar eða uppfærðar skrár sem lögbæru yfirvöldin í viðkomandi þriðju löndum hafa sent henni í samræmi við 3. mgr.

b) Hafi ekkert aðildarríki hreyft andmælum við nýrri eða uppfærðri skrá innan 20 virkra daga frá tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar skal innflutningur heimilaður frá þeim starfsstöðvum sem er að finna í skránni tíu dögum eftir að framkvæmdastjórnin gerði hana aðgengilega almenningi.

c) Í hvert sinn sem a.m.k. eitt aðildarríki leggur fram skriflega athugasemd eða telur nauðsynlegt að breyta skránni í ljósi upplýsinga, sem máli skipta, s.s. skoðunarskýrsla Bandalagsins eða tilkynninga sem fram fara um hraðvirka viðvörnarkerfið, skal framkvæmdastjórnin tilkynna það öllum aðildarríkjunum og setja málið á dagskrá næsta fundar viðeigandi deildar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra svo hún geti tekið ákvörðun, eftir því sem við á, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

5. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að almenningur hafi aðgang að nýjustu útgáfum af öllum skráum.

13. gr.

Lifandi samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsniglar

1. Þrátt fyrir b-lið 1. mgr. 12. gr. skulu lifandi samlokur, skrápdyr, möttuldýr og sæsniglar vera frá framleiðsluvæðum í þriðju löndum sem er að finna í skránum sem samdar eru og uppfærðar í samræmi við 12. gr.

2. Krafan í 1. mgr. gildir ekki um diska sem eru veiddir utan flokkaðra framleiðsluvæða. Hins vegar skal opinbert eftirlit með diskum fara fram í samræmi við III. kafla II. viðauka.

3. a) Áður en skrárnar, sem um getur í 1. mgr., eru samdar skal taka sérstakt tillit til ábyrgðanna sem lögbæra yfirvaldið í þriðja landi getur veitt varðandi það að farið sé að kröfum þessarar reglugerðar um flokkun og eftirlit með framleiðsluvæðum.

b) Vettvangsskoðun á vegum Bandalagsins skal hafa farið fram áður en slíkar skrár eru samdar, nema:

i) áhættan, sem ákvörðuð er í samræmi við 18. lið 18. gr., kalli ekki á hana

og

ii) ljóst sé, þegar ákveðið er að bæta tilteknu framleiðsluvæði í skrá í samræmi við 1. mgr., af öðrum upplýsingum að lögbært yfirvald veiti nauðsynlegar ábyrgðir.

4. Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að almenningur hafi aðgang að nýjustu útgáfum af öllum skráum sem eru samdar eða uppfærðar í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

14. gr.

Skjöl

1. Skjal, sem fullnægir kröfunum í VI. viðauka, skal fylgja öllum sendingum afurða úr dýraríkinu þegar þær eru fluttar inn í Bandalagið.

2. Með skjalinu skal það vottað að afurðirnar fullnægja:

a) kröfunum sem mælt er fyrir um fyrir slíkar afurðir samkvæmt reglugerð (EB) nr. 852/2004 og reglugerð (EB) nr. 853/2004 eða ákvæðum sem eru jafngild þessum kröfum

og

b) sérstökum innflutningsskilyrðum sem sett eru í samræmi við 19. lið 18. gr.

3. Í skjölunum kunna að vera nánari upplýsingar sem krafist er í samræmi við aðra löggjöf Bandalagsins um lýðheilsu og heilbrigði dýra.
4. Heimilt er að veita undanþágur frá 1. mgr. í samræmi við málsmeðferðina, sem um getur í 2. mgr. 19. gr., þegar unnt er að fá ábyrgðirnar, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, á annan hátt.

15. gr.

Sérákvæði um lagarafurðir

1. Málsmeðferðin, sem mælt er fyrir um í þessum kafla, gildir ekki um ferskar lagarafurðir sem landað er í Bandalaginu beint úr fiskiskipum sem sigla undir fána þriðja lands. Opinbert eftirlit með slíkum lagarafurðum skal fara fram í samræmi við III. viðauka.

2. a) Lagarafurðir, sem fluttar eru inn með verksmiðju- eða frystiskipum sem sigla undir fána þriðja lands, skulu vera úr skipum sem er að finna á skrá sem samin er og uppfærð í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 4. mgr. 12. gr.

b) Þó er heimilt að vikja frá ákvæðum b-liðar 2. mgr. 12. gr. og skrá einnig skip í slíka skrá:

i) á grundvelli sameiginlegrar yfirlýsingar lögbæra yfirvaldsins í þriðja landinu sem er fánaland skipsins og lögbæra yfirvaldsins í öðru þriðja landi sem fyrrnefnda, lögbæra yfirvaldið hefur falið þá ábyrgð að skoða viðkomandi skip, með því skilyrði að:

– þetta þriðja land sé að finna í skránni yfir þriðju lönd sem samin er í samræmi við 11. gr., þaðan sem innflutningur er leyfður á lagarafurðum,

– öllum lagarafurðum úr viðkomandi skipi, sem setja skal á markað í Bandalaginu, sé landað beint í því þriðja landi,

– lögbæra yfirvaldið í því þriðja landi hafi skoðað skipið og lýst því yfir að það sé í samræmi við kröfur Bandalagsins

og

– lögbæra yfirvaldið í því þriðja landi hafi lýst því yfir að það muni skoða skipið reglulega til þess að tryggja að það sé í samræmi við kröfur Bandalagsins áfram

eða

ii) á grundvelli sameiginlegrar yfirlýsingar lögbæra yfirvaldsins í þriðja landinu sem er fánaland skipsins og lögbæra yfirvaldsins í aðildarríki sem fyrrnefnda yfirvaldið hefur falið þá ábyrgð að skoða viðkomandi skip, með því skilyrði að:

– öllum lagarafurðum úr viðkomandi skipi, sem setja skal á markað í Bandalaginu, sé landað beint í því aðildarríki,

– lögbæra yfirvaldið í því aðildarríki hafi skoðað skipið og lýst því yfir að það sé í samræmi við kröfur Bandalagsins

og

– lögbæra yfirvaldið í því aðildarríki hafi lýst því yfir að það muni skoða skipið reglulega til þess að tryggja að það sé í samræmi við kröfur Bandalagsins áfram.

c) Framkvæmdastjórnin skal sjá til þess að almenningur hafi aðgang að nýjustu útgáfum af öllum skráum sem eru samdar eða uppfærðar í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

3. Þegar lagarafurðir eru fluttar beint inn með fiskveiði- eða frystiskipi mega skjöl, sem skipstjórnin undirritar, koma í stað skjalsins sem krafist er skv. 14. gr.

4. Heimilt er að mæla fyrir um nákvæmar reglur um framkvæmd þessarar greinar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

IV. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

16. gr.

Framkvæmdarráðstafanir og bráðabirgðafyrirkomulag

Heimilt er að mæla fyrir um framkvæmdarráðstafanir og bráðabirgðafyrirkomulag í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

17. gr.

Breytingar og aðlaganir á viðaukunum

1. Heimilt er að breyta I., II., III., IV., V. og VI. viðauka til að taka mið af vísinda- og tækniframförum í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr.

2. Heimilt er að veita undanþágur frá ákvæðum I., II., III., IV., V. og VI. viðauka í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr., enda komi þær ekki í veg fyrir að markmið þessarar reglugerðar náist.

3. Aðildarríkjunum er heimilt, án þess þó að draga úr líkum á að markmiðum þessarar reglugerðar verði náð, að samþykkja, í samræmi við 4.-7. mgr., landsbundnar ráðstafanir um aðlögun á kröfunum sem mælt er fyrir um í I. viðauka.

4. Landsbundnu ráðstafanirnar, sem um getur í 3. mgr., skulu:

a) hafa að markmiði að:

i) gera kleift að nota áfram hefðbundnar aðferðir á öllum stigum framleiðslu, við vinnslu eða dreifingu matvæla,

ii) koma til móts við þarfir afkastalítilla matvælafyrirtækja eða sem eru á svæðum sem líða fyrir sérstakar, landfræðilegar takmarkanir

eða

iii) heimila tilraunaverkefni til þess að prófa nýjar aðferðir við eftirlit með hollustuháttum í tengslum við kjöt,

b) einkum varða eftirfarandi atriði í I. viðauka:

i) upplýsingar um matvælaferlið,

ii) hvort opinbera yfirvaldið er til staðar í starfsstöðvunum.

5. Aðildarríki, sem óska þess að samþykkja landsbundnar ráðstafanir, eins og um getur í 3. mgr., skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni og öðrum aðildarríkjum. Í öllum tilkynningum skal vera:

a) nákvæm lýsing á kröfunum sem viðkomandi aðildarríki telur sig þurfa að aðlaga og eðli þeirrar aðlögunar sem óskað er eftir,

b) lýsing á viðkomandi starfsstöð,

c) útskýring á ástæðunum fyrir aðlöguninni, þ.m.t. framlagning samantektar, ef við á, á hættugreiningunni sem fór fram og hvers kyns ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að tryggja að aðlögunin dragi ekki úr líkum á að markmið þessarar reglugerðar náist

og

d) aðrar upplýsingar sem kunna að skipta máli.

6. Önnur aðildarríki skulu fá þrjá mánuði til að senda skriflegar athugasemdir til framkvæmdastjórnarinnar eftir að þeim barst tilkynningin sem um getur í 5. mgr. Framkvæmdastjórninni er heimilt að ráðgast við aðildarríki, sem eru í nefndinni sem um getur í 1. mgr. 19. gr., og henni er skylt að gera það berist henni skriflegar athugasemdir frá einu eða fleiri aðildarríkjum. Framkvæmdastjórnin getur ákveðið, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr., hvort fyrirhuguðum ráðstöfunum verður hrundið í framkvæmd, með viðeigandi breytingum ef nauðsyn ber til. Framkvæmdastjórnin getur, eftir því sem við á, lagt fram tillögu um almennar ráðstafanir í samræmi við 1. eða 2. mgr. þessarar greinar.

7. Aðildarríki er því aðeins heimilt að samþykkja landsbundnar ráðstafanir um breytingar á kröfum I. viðauka að:

a) þær séu í samræmi við ákvörðun sem er samþykkt í samræmi við 6. mgr.

b) framkvæmdastjórnin hafi ekki, einum mánuði eftir að fresturinn, sem um getur í 6. mgr., rennur út, tilkynnt aðildarríkjunum að henni hafi borist skriflegar athugasemdir eða að hún hyggist leggja fram tillögu um samþykkt ákvörðunar í samræmi við 6. mgr.

8. Þegar aðildarríki samþykkir landsbundnar ráðstafanir til að hrinda í framkvæmd tilraunaverkefni þar sem nýjar aðferðir við eftirlit með hollustuháttum í tengslum við kjöt eru prófaðar í samræmi við 3.-7. mgr. skal aðildarríkið koma niðurstöðunum á framfæri við framkvæmdastjórnina jafnskjött og þær liggja fyrir. Framkvæmdastjórnin skal síðan meta hvort hún leggur til almennar ráðstafanir í samræmi við 1. mgr.

18. gr.

Sértækar ákvarðanir

Með fyrirvara um almenn atriði í 16. gr. og 1. mgr. 17. gr. er heimilt að mæla fyrir um framkvæmdaráðstafanir eða samþykkja breytingar á I., II., III., IV., V. eða VI. viðauka í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr. 19. gr. til að kveða nánar á um:

1) prófanir til þess að meta frammistöðu stjórnenda matvælafyrirtækja og starfsmanna þeirra,

2) aðferðina við að tilkynna um niðurstöður eftirlits,

3) viðmiðanir til að ákveða, á grundvelli áhættugreiningar, hvenær ekki er þörf á því að opinberi dýralæknirinn sé viðstaddur í sláturhúsum og starfsstöðvum, sem meðhöndla veiðidýr, á meðan skoðun fer fram fyrir og eftir slátrun,

4) reglur um inntak prófana fyrir opinbera dýralækna og opinbera aðstoðarmenn,

5) örverufræðilegar viðmiðanir fyrir eftirlit með vinnsluferli í tengslum við hollustuhætti í starfsstöðum,

6) aðrar aðgerðir, sermiprófanir eða aðrar prófanir á rannsóknarstofu sem veita a.m.k. jafngildar ábyrgðir og þær sértæku skoðunaraðgerðir eftir slátrun sem lýst er í IV. þætti I. viðauka og geta því komið í stað þeirra ef lögbæra yfirvaldið ákveður það,

7) aðstæður þar sem ekki er nauðsynlegt að láta fara fram þær sértæku skoðunaraðgerðir eftir slátrun sem lýst er í IV. þætti I. viðauka með tilliti til bújarðar, svæðis eða upprunals og meginreglna áhættugreiningar,

8) reglur um prófanir á rannsóknarstofu,

9) kælmeðferð kjöts vegna bandormslirfusýki og trikinuveiki,

og

10) skilyrði fyrir því að hægt sé að lýsa opinberlega yfir að bújarðir og svæði séu laus við bandormslirfusýki og trikinuveiki,

20) skilyrðin fyrir innflutningi á dýraafurðum frá þriðja landi eða svæðum þriðja lands samkvæmt framkvæmd jafngilds samnings, eða í kjölfar fullnægjandi úttektar, þar sem viðurkennt er að þær aðferðir, sem notaðar eru í því þriðja landi eða á því svæði, veiti jafngildar ábyrgðir og þær sem tíðkast í Bandalaginu, enda leggi þriðja landið fram hlutlæg sönnunargögn í þessu tilliti.

11) aðferðir sem nota skal þegar skilyrðin eru skoðuð sem um getur í IX. kafla í IV. þætti I. viðauka,

19. gr.

12) viðmiðanir, að því er varðar eldissvín, fyrir eftirlit með húsakosti og samþættum framleiðsluferfum,

Nefndarmeðferð

13) viðmiðanir fyrir flokkun á framleiðslu- og umlagningar-svæðum fyrir lifandi samlokur í samstarfi við viðkomandi tilvisunarráðgjafastofu Bandalagsins, þ.m.t.:

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra sem komið var á fót skv. 58. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

a) viðmiðunargildi og greiningaraðferðir fyrir sjávarlíf-eitur,

2. Þar sem vísað er til þessarar málsgreinar skulu ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB gilda með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

b) prófunaraðferðir til veiruleitar og veirufræðilegir staðlar,

Fresturinn, sem mælt er fyrir um í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

c) sýnatökuáætlanir og þær aðferðir og greiningarvirkmörk sem nota á til að sannreyna samræmi við viðmiðanirnar,

3. Nefndin setur sér starfsreglur.

20. gr.

14) skynmatsviðmiðanir til að meta ferskleika lagarafurða,

Samráð við Matvælaöryggisstofnun Evrópu.

15) greiningarmörk, greiningaraðferðir og sýnatökuáætlanir fyrir opinbera eftirlitið með lagarafurðum sem krafist er skv. III. viðauka, þ.m.t. með tilliti til sníkla og aðskotaefna úr umhverfinu,

Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við Matvælaöryggisstofnun Evrópu um mál, sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar, hvenær sem nauðsyn ber til, einkum:

16) aðferðina sem framkvæmdastjórnin mun nota til að semja skrá, sem almenningur hefur aðgang að skv. 11., 12., 13. og 15. gr., yfir þriðju lönd og starfsstöðvar í þriðju löndum,

1) áður en hún leggur til breytingar á þeim sértæku kröfum sem varða skoðun eftir slátrun sem mælt er fyrir um í IV. þætti I. viðauka,

17) fyrirmyndir að skjölum og viðmiðanir fyrir notkun rafræna skjala,

2) áður en hún leggur til breytingar á reglunum í IX. kafla IV. þáttar I. viðauka um kjöt af dýrum þar sem skoðun eftir slátrun leiðir í ljós vefjaskemmdir sem bendir til öldusóttar eða berklastrykingar

og

18) viðmiðanir til að meta hættuna sem stafað getur af tilteknum dýraafurðum sem fluttar eru inn til Bandalagsins,

3) áður en hún leggur til framkvæmdarráðstafanir um mál sem um getur í 5.–15. lið 18. gr.

21. gr.

19) sérstök skilyrði fyrir innflutningi á tilteknum dýraafurðum, að teknu tilliti til tengdrar áhættu, upplýsingar sem viðkomandi þriðju lönd hafa lagt fram og, ef nauðsyn krefur, niðurstöður úr eftirliti Bandalagsins sem fram hefur farið í þessum þriðju löndum. Setja má þessi sérstöku innflutningsskilyrði fyrir eina dýraafurð eða flokk dýraafurða. Skilyrðunum má beita gagnvart einu þriðja landi, svæðum þriðja lands eða hópi þriðju landa

Skýrsla til Evrópuþingsins og ráðsins

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 20. maí 2009, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið þar sem reynslan af beitingu þessarar reglugerðar er metin.

2. Ef við á skal framkvæmdastjórnin leggja fram viðeigandi tillögur með skýrslunni.

22. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda 18 mánuðum eftir þann dag sem allar eftirfarandi gerðir hafa öðlast gildi:

a) reglugerð (EB) nr. 852/2004,

b) reglugerð (EB) nr. 853/2004

og

c) tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/41/EB frá 29. apríl 2004 um niðurfellingu tiltekinna tilskipana sem varða hollustuhætti í tengslum við matvæli og heilbrigðisskilyrði við framleiðslu og markaðssetningu tiltekinna afurða úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis ⁽¹⁾.

Hún kemur þó ekki til framkvæmda fyrir 1. janúar 2006.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassburg 29. apríl 2004.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

P. COX

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. McDOWELL

forseti.

⁽¹⁾ Sítið. ESB L 157, 30.4.2004, bls. 33.

I. VIÐAUKI

NÝTT KJÖT

I. ÞÁTTUR: VERKEFNI OPINBERA DÝRALÆKNISINS

I. KAFLI: ÚTTEKTARVERKEFNI

1. Auk almennu krafanna í 4. mgr. 4. gr. um úttekt á góðum hollustustarfsvenjum skal opinberi dýralæknirinn ganga úr skugga um að stjórnendur matvælafyrirtækja fylgi í hvívetna eigin verklagsreglum varðandi hvers kyns söfnun, flutning, geymslu, meðhöndlun, vinnslu og notkun eða förgun aukaafurða úr dýrum, þ.m.t. sérstakt áhættuefni sem stjórnandi matvælafyrirtækis ber ábyrgð á.
2. Auk almennu krafanna í 5. mgr. 4. gr. um úttekt á verklagsreglum sem grundvallast á greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum skal opinberi dýralæknirinn hafa eftirlit með því að með verklagsreglum stjórnanda fyrirtækisins sé tryggt eftir því sem við verður komið, að kjötið:
 - a) sýni ekki merki um meinafræðileg eða lífeðlisfræðileg frávik eða breytingar,
 - b) beri ekki með sér saursmit eða annars konar smitog
 - c) innihaldi ekki sérstakt áhættuefni, nema það sem kveðið er á um í löggiðf Bandalagsins, og hafi verið framleitt í samræmi við löggiðf Bandalagsins um smitandi heilahrórnunarsjúkdóma.

II. KAFLI: SKOÐUNARVERKEFNI

Þegar opinberi dýralæknirinn annast skoðun í samræmi við þennan kafla skal hann taka mið af niðurstöðum úttektarverkefna sem innt eru af hendi í samræmi við 4. gr. og I. kafla þessa viðauka. Hann skal miða skoðunarverkefnið við það eftir atvikum.

A. Upplýsingar um matvælaferlið

1. Opinberi dýralæknirinn skal kanna og greina viðeigandi upplýsingar úr skráð upprunabújarðar dýranna sem ætluð eru til slátrunar og taka mið af skjalfestum niðurstöðum þessarar könnunar og greiningar þegar hann framkvæmir skoðun fyrir og eftir slátrun.
2. Þegar opinberi dýralæknirinn annast skoðunarverkefni skal hann taka mið af opinberum vottorðum sem fylgja dýrunum og hvers kyns yfirlýsingum frá dýralæknum sem framkvæma eftirlit við frumframleiðslu, þ.m.t. frá opinberum dýralæknum og viðurkenndum dýralæknum.
3. Þegar stjórnendur matvælafyrirtækis gera viðbótarráðstafanir í matvælaferlinu til þess að ábyrgjast öryggi matvæla með því að koma á samþættum kerfum, einkareknum eftirlitskerfum, vottun sjálfstæðs þriðja aðila eða með öðrum aðferðum og þegar þessar ráðstafanir eru skjalfestar og dýrin, sem þessi kerfi taka til, eru sanngreinanleg er opinbera dýralæknum heimilt að taka mið af þessu þegar hann annast skoðanir sínar og endurskoðar verklagsreglur sem grundvallast á greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum.

B. Skoðun fyrir slátrun,

1. Með fyrirvara um ákvæði 4. og 5. liðar:
 - a) skal opinberi dýralæknirinn skoða öll dýr fyrir slátrun,
 - b) skal skoðunin hafa farið fram innan 24 klukkustunda frá komu til sláturhúss og innan 24 stunda fyrir slátrun.

Að auki getur opinberi dýralæknirinn krafist skoðunar á hvaða öðrum tíma sem er.

2. Skoðun fyrir slátrun skal einkum skera úr um hvort það tiltekna dýr, sem skoðað er, sýni einhver merki um:
 - a) að velferð þess hafi verið stofnað í hættu eða
 - b) ástand sem kann að hafa skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra og megináhersla skal lögð á að greina mannsmitanlega dýrasjúkdóma og sjúkdóma í skrá A eða, eftir því sem við á, skrá B frá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni (Office International des Epizooties (OIE)).
3. Auk venjubundinnar skoðunar fyrir slátrun skal opinberi dýralæknirinn framkvæma klíniska skoðun á öllum dýrum sem stjórnandi matvælafyrirtækis eða opinber aðstoðarmaður kann að hafa tekið út úr.
4. Þegar um er að ræða neyðarslátrun utan slátruhúss og um er að ræða villt veiðidýr skal opinberi dýralæknirinn við slátruhúsið eða starfsstöðina, sem meðhöndlar veiðidýr, rannsaka yfirlýsinguna sem fylgir skrokk dýrsins og dýralæknir eða til þess hæfur maður gefur út í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004.
5. Skoðun fyrir slátrun getur farið fram á upprunabúðröðinni ef kveðið er á um það í II. kafla III. þáttar eða í IV. þætti. Í slíkum tilvikum þarf opinberi dýralæknirinn við slátruhúsið eingöngu að annast skoðun fyrir slátrun þegar það er sérstaklega tekið fram og að því marki sem tilgreint er.

C. Velferð dýra

Opinberi dýralæknirinn skal ganga úr skugga um að farið sé að viðeigandi reglum Bandalagsins og landsbundnum reglum um góða meðferð dýra, s.s. reglum um dýravern við slátrun dýra og í flutningi.

D. Skoðun eftir slátrun

1. Skrokka og tilheyrandi sláturmat skal taka tafarlaust til skoðunar eftir slátrun. Skoða skal allt yfirborð skrokka og sláturmatar. Í þessu skyni kann að vera þörf á lágmarkspreifingu á skrokk og sláturmat eða að nota sérstakan tæknibúnað í þessu skyni. Sérstaka áherslu skal leggja á að greina mannsmitanlega dýrasjúkdóma og sjúkdóma í skrá A eða, eftir því sem við á, skrá B frá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni (Office International des Epizooties). Hraði færbandsins og fjöldi skoðunarmanna á staðnum skal vera slíkur að framkvæma megi fullnægjandi skoðun.
2. Viðbótarskoðanir skulu fara fram, s.s. þreifing á og ristur í hluta skrokksins og sláturmatarins, sem og prófanir á rannsóknarstofu hvenær sem nauðsyn er talin á því:
 - a) til þess að komast að endanlegri greiningu
eða
 - b) til þess að greina:
 - i) dýrasjúkdóm,
 - ii) efnaleifar eða aðskotaefni umfram þau gildi sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins,
 - iii) hvort örverufræðilegum viðmiðunum sé fylgt eða
 - iv) önnur atriði sem kunna að leiða til þess að kjötið verði dæmt óhæft til mannelis eða að takmarkanir verði settar á notkun þess, einkum þegar um er að ræða dýr úr neyðarslátrun.
3. Opinberi dýralæknirinn skal krefjast þess að skrokkar af tömdum hófdýrum, nautgripum, sem eru eldri en sex mánaða, og alisvínunum, sem eru eldri en fjögurra vikna, séu teknir til skoðunar með því að kljúfa þá langsum í hálfu skrokka niður eftir hryggsúlunni. Krefjast skoðunin þess getur opinberi dýralæknirinn einnig farið fram á að hvaða haus eða skrokkur sem er sé klofinn að endilöngu. Til þess að taka tillit til tiltekinna neysluvenja, tæknipróunar eða sérstakra hreinlætisaðstæðna getur lögbæra yfirvaldið hins vegar heimilað að skrokkar af tömdum hófdýrum, nautgripum, sem eru eldri en sex mánaða, og alisvínunum, sem eru eldri en fjögurra vikna, séu teknir til skoðunar án þess að vera klofinir í tvennt.

4. Á meðan á skoðun stendur verður að gæta þess að sem minnst berist af aðskotaefnum í kjötið með aðgerðum eins og þreifingu, skurði eða ristun.
5. Þegar um er að ræða neyðarslátrun skal skoða skrokkinn eins fljótt og auðið er eftir slátrun í samræmi við ákvæði 1.-4. liðar áður en hann er metinn hæfur til manneldis.

E. Sérstakt áhættuefni og aðrar aukaafurðir úr dýrum

Í samræmi við sértækar reglur Bandalagsins um sérstakt áhættuefni og aðrar aukaafurðir úr dýrum skal opinberi dýralæknirinn hafa eftirlit með því að slíkt efni sé fjarlæggt, haldið aðskildu og, eftir því sem við á, merkt. Opinberi dýralæknirinn skal tryggja að stjórnandi matvælafyrirtækisins geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að kjötið smitist af sérstöku áhættuefni við slátrun (þ.m.t. deyfing) og til að fjarlægja sérstakt áhættuefni.

F. Prófanir á rannsóknarstofu

1. Opinberi dýralæknirinn skal tryggja að sýnataka fari fram og sýni séu auðkennd og meðhöndluð á viðeigandi hátt og send til viðeigandi rannsóknarstofu í tengslum við:
 - a) vöktun og eftirlit með mannsmitanlegum dýrasjúkdómum og smitvöldum þeirra,
 - b) sértækar prófanir á rannsóknarstofum til að greina smitandi heilahrönnunarsjúkdóma í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001⁽¹⁾,
 - c) greiningu á efnum sem ekki hafa verið leyfð og eftirlit með reglufestum efnum, einkum í tengslum við landsbundnar áætlanir um efnaleifar sem um getur í tilskipun ráðsins 96/23/EB⁽²⁾og
 - d) greiningu sjúkdóma í skrá A eða, eftir því sem við á, skrá B frá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni.
2. Opinberi dýralæknirinn skal einnig sjá til þess að allar aðrar nauðsynlegar prófanir verði gerðar á rannsóknarstofu.

III. KAFLI: STIMPILL HEILBRIGÐISEFTIRLITS

1. Opinberi dýralæknirinn skal hafa umsjón með stimplun heilbrigðieftirlits og þeim merkjum sem notuð eru.
2. Opinberi dýralæknirinn skal einkum sjá til þess að:
 - a) heilbrigðismerkið sé eingöngu sett á dýr (tamin hóf- og klaufdýr, alin villt spendýr, önnur en nartara, og stór, villt veiðidýr) sem skoðuð hafa verið fyrir og eftir slátrun í samræmi við þessa reglugerð og í ljós kemur að engin ástæða er til þess að dæma kjötið óhæft til manneldis. Þó er heimilt að setja heilbrigðismerkið á áður en niðurstöður rannsóknar á tríkínuveiki liggja fyrir, ef opinberi dýralæknirinn er þess fullviss að kjötið af viðkomandi dýri verði ekki sett á markað nema niðurstöður séu fullnægjandiog
 - b) stimpill heilbrigðiseftirlits sé settur á ytra borð skrokkans með því að stimpla merkið þannig á með bleki eða brennimerkingu og þannig að ef skrokkarnir eru hlutaðir til helminga eða í fjórðunga eða ef hálfir skrokkar eru stykkjaðir í þrjá stærðarhluta sé heilbrigðismerki á hverju stykki.
3. Heilbrigðismerkið skal vera sporöskjulaga og minnst 6,5 sm á breidd og 4,5 sm á hæð með eftirfarandi upplýsingum sem skulu skrifaðar skýrum stöfum:
 - a) á merkinu skal koma fram heiti landsins þar sem starfsstöðin er og má skrifa það í fullri lengd með hástöfum eða með tveggja stafa kóða í samræmi við viðeigandi ISO-staðal.

Kóðarnir fyrir aðildarríkin eru hins vegar AT, BE, DE, DK, ES, FI, FR, GR, IE, IT, LU, NL, PT, SE og UK,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2245/2003 (Stjtið. ESB L 133, 20.12.2003, bls. 28).

⁽²⁾ (Stjtið. EB L 125, 23.5.1996, bls. 10. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 806/2003 (Stjtið. ESB L 122, 16.5.2003, bls. 1).

- b) á merkinu skal koma fram samþykkisnúmer sláturhússins
- og
- c) þegar merkið er notað í sláturhúsi innan Bandalagsins skal skammstöfunin CE, EC, EF, EG, EK eða EY koma fram á því.
4. Bókstafirnir verða að vera minnst 0,8 sm á hæð og tölustafirnir minnst 1 sm á hæð. Heimilt er að smækka stærð og stafi merkisins við heilbrigðismerkingu lamba, kiðlinga og smágrísa.
5. Litir til heilbrigðismerkinga skulu leyfðir í samræmi við reglur Bandalagsins um notkun litunarefna í matvælum.
6. Á heilbrigðismerkinu má einnig tilgreina opinbera dýralækninn sem annaðist heilbrigðisskoðun kjötsins. Lögbærum yfirvöldum og stjórnendum matvælafyrirtækja er heimilt að nota búnað, sem þeir hafa pantað fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, áfram þar til birgðir eru uppnar eða þörf er á að skipta um hann.
7. Kjöt af dýrum úr neyðarslátrun utan sláturhúss skal vera með sérstakt heilbrigðismerki sem hvorki er hægt að taka í misgripum fyrir annað heilbrigðismerki, sem kveðið er á um í þessum kafla, né fyrir auðkennismerki sem kveðið er á um í I. þætti II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.
8. Kjöt af óflegnum, villtum veiðidýrum má ekki vera með heilbrigðismerki nema það hafi, eftir slátrun og fláningu í starfsstöð, sem meðhöndlar veiðidýr, verið skoðað og metið hæft til manneldis.
9. Þessi kafli gildir með fyrirvara um dýraheilbrigðisreglur um heilbrigðismerkingu.

II. ÞÁTTUR AÐGERÐIR Í FRAMHALDI AF EFTIRLITI

I. KAFLI: TILKYNNINGAR UM NIÐURSTÖÐUR ÚR SKOÐUN

1. Opinberi dýralæknirinn skal skrá og meta niðurstöður úr skoðun.
2. a) Ef skoðun staðfestir einhvern þann sjúkdóm eða ástand, sem kann að hafa áhrif á lýðheilsu eða dýraheilbrigði eða stofna velferð dýra í hættu, skal opinberi dýralæknirinn tilkynna það stjórnanda matvælafyrirtækisins.
- b) Ef vandinn, sem hefur verið staðfestur, kom upp í frumframleiðslu skal opinberi dýralæknirinn tilkynna hann dýralækninum, sem annast dýrin á upprunabújörðinni, stjórnanda matvælafyrirtækisins, sem er ábyrgur fyrir upprunabújörðinni (að því tilskildu að slíkar upplýsingar hafi ekki áhrif á málarekstur síðar), og, eftir því sem við á, lögbærum yfirvöldum sem bera ábyrgð á eftirliti með upprunabújörðinni eða veiðisvæðinu.
- c) Ef dýrin, sem um ræðir, voru alin í öðru aðildarríki eða þriðja landi skal opinberi dýralæknirinn tilkynna það lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem starfsstöðin er. Það lögbæra yfirvald skal gera viðeigandi ráðstafanir í samræmi við gildandi löggjöf Bandalagsins.
3. Niðurstöður úr skoðunum og prófunum skulu færðar í viðeigandi gagnabanka.
4. Ef grunsemdir vakna hjá opinbera dýralækninum, við skoðun fyrir eða eftir slátrun eða í tengslum við önnur eftirlitsstörf, um tilvist sýkils, sem er tilgreindur í skrá A eða, eftir því sem við á, skrá B frá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni, skal hann þegar í stað tilkynna það lögbæra yfirvaldinu og skulu báðir grípa til allra nauðsynlegra aðgerða og verndarráðstafana til þess að koma í veg fyrir hugsanlega útbreiðslu sýkilsins í samræmi við gildandi löggjöf Bandalagsins.

II. KAFLI: ÁKVARÐANIR VARÐANDI UPPLÝSINGAR UM MATVÆLAFERLIÐ

1. Opinberi dýralæknirinn skal ganga úr skugga um að dýrum sé ekki slátrað nema stjórnandi sláturhússins hafi móttekið og skoðað viðeigandi upplýsingar um matvælaferlið.
2. Opinbera dýralækninum er þó heimilt að láta slátra dýrum í sláturhúsi jafnvel þótt viðeigandi upplýsingar um matvælaferlið liggi ekki fyrir. Í því tilviki verður að láta í té allar viðeigandi upplýsingar um matvælaferlið áður en skrokkurinn er metinn hæfur til manneldis. Meðan beðið er endanlegrar ákvörðunar skal geyma slíka skrokka og tilheyrandi sláturmat aðskilin frá öðru kjöti.

3. Þrátt fyrir ákvæði 2. liðar skal dæma allt kjöt af dýrinu óhæft til mannelis ef viðeigandi upplýsingar um matvælaferlið liggja ekki fyrir innan 24 klukkustunda frá komu dýrsins í sláturhúsið. Hafi dýrinu ekki enn verið slátrað skal aflifa það aðskilið frá öðrum dýrum.
4. Ef fylgiskjöl, gögn eða aðrar upplýsingar leiða í ljós:
 - a) að dýrin komi frá bújörð eða svæði þar sem flutningsbann eða aðrar takmarkanir eru í gildi af ástæðum er varða heilbrigði dýra eða lýðheilsu,
 - b) að ekki hefur verið farið að reglum um notkun dýralyfja eða
 - c) eitthvert annað ástand sem kann að hafa skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra,

er óheimilt að samþykka dýr til slátrunar nema það sé í samræmi við verklagsreglur sem mælt er fyrir um í löggið Bandalagsins til þess að koma í veg fyrir að heilbrigði manna eða dýra sé stofnað í hættu. Ef dýrin eru þegar komin í sláturhús verður að aflifa þau hvert í sínu lagi og dæma þau óhæf til mannelis og gera jafnframt varúðarráðstafanir til þess að vernda heilbrigði dýra og lýðheilsu, eftir því sem við á. Þegar opinberi dýralæknirinn telur þörf á skal opinbert eftirlit fara fram á upprunabújörðinni.

5. Opinbera yfirvaldið skal gera viðeigandi ráðstafanir ef það uppgötvar að fylgiskjöl, gögn eða aðrar upplýsingar eru ekki í samræmi við raunverulegar aðstæður á upprunabújörðinni eða raunverulegt ástand dýranna eða þeim sé af ásettu ráði ætlað að villa um fyrir opinbera dýralækninum. Lögðæra yfirvaldið skal grípa til aðgerða gegn stjórnanda matvælafyrirtækisins, sem ber ábyrgð á upprunabújörð dýranna, eða öðrum sem hlut á að máli. Þessar aðgerðir ættu helst að fela í sér viðbótareftirlit. Stjórnandi matvælafyrirtækisins, sem ber ábyrgð á upprunabújörðinni, eða annar, sem hlut á að máli, skal bera kostnaðinn af slíku viðbótareftirliti.

III. KAFLI: ÁKVARÐANIR VARÐANDI LIFANDI DÝR

1. Opinberi dýralæknirinn skal ganga úr skugga um að stjórnandi matvælafyrirtækis uppfylli skyldur sínar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 853/2004 til þess að tryggja að dýrin, sem metin eru tæk til slátrunar og ætluð eru til mannelis, séu rétt auðkennd. Opinberi dýralæknirinn skal sjá til þess að dýr, sem ekki er hægt að sanngreina með vissu, séu aflifðu hvert í sínu lagi og þau dæmd óhæf til mannelis. Þegar opinberi dýralæknirinn telur þörf á skal opinbert eftirlit fara fram á upprunabújörðinni.
2. Heimilt er að slátra hrossum í sláturhúsi jafnvel þótt upplýsingarnar um auðkenni þeirra, sem krafist er samkvæmt lögum, liggja ekki fyrir ef velferð dýranna útheimtir það. Þó verður að leggja þessar upplýsingar fram áður en hægt er að lýsa skrokkinn hæfan til mannelis. Þessar kröfur gilda einnig um neyðarslátrun hrossa utan sláturhúss.
3. Opinberi dýralæknirinn skal ganga úr skugga um að stjórnandi matvælafyrirtækis uppfylli skyldur sínar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 853/2004 til þess að tryggja að dýrum, sem eru með skinn, húð eða reyfi í því ástandi að óviðunandi hætta er á að það óhreiniki kjötið við slátrun, sé ekki slátrað og þau notuð til mannelis nema þau hafi verið hreinsuð áður.
4. Ekki skal slátra dýrum eða nota þau til mannelis ef þau eru með sjúkdóm eða í því ástandi að þau geta smitað menn eða önnur dýr þegar þau eru meðhöndluð eða þegar kjöts af þeim er neytt og að öllu jöfnu ekki dýrum sem sýna klínísk einkenni sjúkdóms, sem er útbreiddur um líkamann, eða eru mjög horuð. Slíkum dýrum skal slátrað hverju í sínu lagi við þær aðstæður að önnur dýr eða skrokkar smitist ekki og þau dæmd óhæf til mannelis.
5. Slátrun dýra, sem grunur leikur á að séu með sjúkdóm eða í slíku ástandi að þau gætu haft skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra, skal frestað. Slík dýr skal rannsaka nákvæmlega fyrir slátrun til þess að sjúkdómsgreina þau. Að auki getur opinberi dýralæknirinn ákveðið að sýnataka og rannsóknir á rannsóknarstofu fari fram auk frekari skoðunar eftir slátrun. Ef nauðsyn ber til verður að slátra hverju dýri fyrir sig eða í lok venjulegrar slátrunar og skulu allar nauðsynlegar varúðarráðstafanir gerðar til þess að komast hjá því að annað kjöt smitist.
6. Dýr, sem kunna að innihalda leifar dýralyfja umfram það magn sem mælt er fyrir um í samræmi við löggið Bandalagsins eða leifar bannaðra efna, skulu meðhöndluð í samræmi við tilskipun 96/23/EB.

7. Opinberi dýralæknirinn skal ákveða skilyrðin fyrir meðhöndlun dýra samkvæmt sérstakri áætlun um að uppræta eða halda uppi vörnum gegn tilteknum sjúkdómum, s.s. öldusótt eða berklum, eða smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma, s.s. salmonellu, sem fram fer undir beinni umsjón hans. Lögbæra yfirvaldið skal ákveða skilyrðin fyrir slátrun slíkra dýra. Þessi skilyrði verða að miða að því að draga sem mest má vera úr smitun annarra dýra og kjöts af öðrum dýrum.
8. Dýrum, sem flutt eru til slátrunar í slátruhúsi, skal að jafnaði slátrað þar. Þó getur opinber dýralæknir heimilað í undantekningatilvikum, s.s. ef alvarlegar bilanir verða á slátrunarbúnaði, að dýrin séu flutt beint til annars slátruhúss.

IV. KAFLI: ÁKVARÐANIR UM VELFERÐ DÝRA

1. Þegar reglur um dýravernd eru ekki virtar við slátrun eða aflifun skal opinberi dýralæknirinn ganga úr skugga um að stjórnandi matvælafyrirtækisins geri þegar í stað nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta og komi í veg fyrir að slíkt endurtaki sig.
2. Opinberi dýralæknirinn skal grípa til hlutfallsbundinna og stigvaxandi þvingunaraðgerða sem geta verið allt frá því að gefa út leiðbeiningar til þess að hægja á framleiðslu og stöðva hana, allt eftir eðli og alvöru málsins.
3. Opinberi dýralæknirinn skal, eftir því sem við á, tilkynna öðrum lögbærum yfirvöldum um vandamál varðandi velferð dýra.
4. Ef opinberi dýralæknirinn kemst að raun um að reglur um dýravernd í flutningi eru ekki virtar skal hann gera nauðsynlegar ráðstafanir í samræmi við viðeigandi löggjöf Bandalagsins.
5. Ef

- a) opinber aðstoðarmaður annast eftirlit með velferð dýra skv. III. eða IV. þætti

og

- b) þetta eftirlit leiðir í ljós að reglum um dýravernd er ekki fylgt.

skal opinber aðstoðarmaður þegar í stað tilkynna það opinbera dýralækninum og, ef um neyðartilvik er að ræða, gera þær nauðsynlegu ráðstafanir sem um getur í 1.–4. lið meðan beðið er komu opinbera dýralæknisins

V. KAFLI: ÁKVARÐANIR ER VARÐA KJÖT

1. Kjöt skal dæmt óhæft til manneldis ef:
 - a) það er af dýrum sem ekki hafa verið skoðuð fyrir slátrun, nema þegar um er að ræða felld, villt veiðidýr,
 - b) það er af dýrum þar sem slátrumaturinn hefur ekki verið skoðaður eftir slátrun, nema kveðið sé á um annað samkvæmt þessari reglugerð eða reglugerð (EB) nr. 853/2004,
 - c) það er af dýrum sem eru dauð þegar þau koma til slátrunar, hafa fæðst dauð, eru dauð í móðurlífi eða þeim hefur verið slátrað áður en þau verða 7 daga gömul,
 - d) það fellur til við snyrtingu stungusárs,
 - e) það er af dýrum sem eru með sjúkdóm sem tilgreindur er í skrá A eða, eftir því sem við á, skrá B frá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni, nema kveðið sé á um annað í IV. þætti,
 - f) það er af dýrum sem eru með útbreiddan sjúkdóm, s.s. sýklablæði, blóðígerð, blóðeitrun eða veirudreyri,
 - g) það uppfyllir ekki örverufræðilegu viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins til að ákvarða hvort setja megi matvæli á markað,
 - h) það sýnir merki um snikilsýkingu, nema kveðið sé á um annað í IV. þætti,
 - i) það hafi að geyma leifar eða aðskotaefni umfram þau gildi sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins. Sé farið yfir tilskilin gildi skulu viðbótargreiningar gerðar, hvenær sem við á,

- j) það er af dýrum eða skrokkum, sem innihalda leifar bannaðra efna, eða af dýrum, sem hafa verið meðhöndluð með efnum, sem hafa ekki verið leyfð, með fyrirvara um sértækari löggjöf Bandalagsins,
 - k) um er að ræða lifur eða nýru dýra sem eru eldri en tveggja ára og eru frá svæðum þar sem niðurstöður fengnar samkvæmt áætlunum, sem samþykktar hafa verið í samræmi við 5. gr. tilskipunar 96/23/EB, hafa sýnt að þungmálmur eru viðast hvar í umhverfinu,
 - l) það hefur verið meðhöndlað á ólögmetan hátt með afmengandi efnum,
 - m) það hefur verið meðhöndlað á ólögmetan hátt með jónandi eða útfjólbláum geislum,
 - n) það hefur að geyma aðskotahluti (nema þegar um er að ræða villt veiðidýr, efni sem notað er til að veiða dýrið),
 - o) geislavirkni þess er yfir leyfðum hámarksgildum samkvæmt löggjöf Bandalagsins,
 - p) það sýnir merki um meinafræðilegar eða lífeðlisfræðilegar breytingar, óeðlilegan stinnleika, ónóga blæðingu (nema þegar um er að ræða villt veiðidýr) eða skynræn frávik, einkum sterka kynlykt,
 - q) það er af horuðum dýrum,
 - r) það inniheldur sérstakt áhættuefni, nema gert sé ráð fyrir því í löggjöf Bandalagsins,
 - s) það sýnir merki um óhreinindi, saurmengun eða aðra mengun,
 - t) það inniheldur blóð sem lýðheilsu eða dýraheilbrigði kann að stafa hættu af vegna heilbrigðisástands dýrsins, sem það er af, eða vegna mengunar sem verður við slátrunina,
 - u) lýðheilsu eða dýraheilbrigði kann að stafa hættu af því samkvæmt álitum opinberra dýralæknisins, eftir að allar viðeigandi upplýsingar hafa verið skoðaðar, eða það er af annarri ástæðu metið óhæft til mannelids.
2. Opinberum dýralækni er heimilt að setja skilyrði um notkun kjöts af dýrum úr neyðarslátrun utan sláturhúss.

III. ÞÁTTUR ÁBYRGÐ OG TÍÐNI EFTIRLITS

I. KAFLI: OPINBERIR AÐSTOÐARMENN

Opinberum aðstoðarmönnum er heimilt að aðstoða opinbera dýralækninn við öll verkefni, með fyrirvara um eftirfarandi takmarkanir og hvers kyns sértækar reglur í IV. þætti:

1. að því er varðar úttektarverkefni mega opinberir aðstoðarmenn eingöngu safna upplýsingum viðvíkjandi góða hollustuhætti og verklagsreglur sem grundvallast á greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum,
2. að því er varðar skoðun fyrir slátrun og eftirlit með velferð dýra mega opinberir aðstoðarmenn eingöngu annast frumskoðun á dýrunum og aðstoða við hreina, verklega þætti og
3. að því er varðar skoðun eftir slátrun verður opinberi dýralæknirinn að hafa reglubundið eftirlit með starfi opinberra aðstoðarmanna og þegar um er að ræða dýr úr neyðarslátrun utan sláturhúss, annast sjálfur eftirlitið.

II. KAFLI: TÍÐNI EFTIRLITS

1. Lögþæra yfirvaldið skal sjá til þess að a.m.k. einn opinber dýralæknir sé viðstaddur.:

a) í sláturhúsum á meðan skoðun fer fram bæði fyrir og eftir slátrun

og

b) í starfsstöðvum, sem meðhöndla veiðidýr, á meðan skoðun fer fram eftir slátrun.

2. Hins vegar er lögbæra yfirvaldinu heimilt að laga þetta að ákveðnum sláturhúsum og starfsstöðvum sem meðhöndla veiðidýr á grundvelli áhættugreiningar og í samræmi við viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í samræmi við 3. lið 18. gr., ef einhverjar eru. Í slíkum tilvikum:
- a) þarf opinberi dýralæknirinn ekki að vera viðstaddur í sláturhúsinu þegar skoðun fer fram fyrir slátrun ef:
 - i) opinber dýralæknir eða viðurkenndur dýralæknir annaðist skoðun fyrir slátrun á upprunabújörðinni, athugaði upplýsingar um matvælaferlið og tilkynnti opinberum aðstoðarmanni í sláturhúsinu um niðurstöður skoðunarinnar,
 - ii) opinberi aðstoðarmaðurinn í sláturhúsinu er þess fullviss að upplýsingar um matvælaferlið bendi ekki til neinna hugsanlegra vandamála hvað varðar öryggi matvæla og að almennt heilbrigðisástand dýranna og velferð þeirra sé viðunandi,
 - og iii) opinberi dýralæknirinn gengur reglulega úr skugga um að opinberi starfsmaðurinn annist slíkt eftirlit á fullnægjandi hátt,
 - b) þarf opinberi dýralæknirinn ekki að vera viðstaddur í sláturhúsinu öllum stundum meðan skoðun fer fram eftir slátrun ef:
 - i) opinber aðstoðarmaður annast skoðun eftir slátrun og leggur afbrigðilegt kjöt til hliðar sem og allt annað kjöt af því sama dýri,
 - ii) opinberi dýralæknirinn skoðar síðan allt slíkt kjöt og
 - iii) opinberi aðstoðarmaðurinn skráir aðferðir sínar og niðurstöður þannig að opinberi dýralæknirinn getur fullvissað sig um að allar kröfur hafi verið uppfylltar. Ef hins vegar er um að ræða alifugla og nartara er opinbera aðstoðarmanninum heimilt að sleppa afbrigðilegu kjöti og, með fyrirvara um IV. þátt, þarf opinberi dýralæknirinn ekki að skoða allt slíkt kjöt kerfisbundið.
3. Sveigjanleikinn, sem kveðið er á um í 2. lið, gildir ekki um:
- a) dýr úr neyðarslátrun,
 - b) dýr sem grunur leikur á að séu sjúk eða í slíku ástandi að það kann að hafa skaðleg áhrif á heilbrigði manna,
 - c) nautgripi úr hjörðum sem ekki hafa opinberlega verið lýstar lausar við berkla,
 - d) nautgripi, sauðfé og geitur úr hjörðum sem ekki hafa opinberlega verið lýstar lausar við öldusótt,
 - e) það þegar um er að ræða uppkomu sjúkdóms í skrá A eða, eftir því sem við á, skrá B frá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni. Þetta varðar dýr sem eru næm fyrir þeim tiltekna sjúkdómi sem um ræðir og koma frá því tiltekna svæði, eins og skilgreint er í 2. gr. í tilskipun ráðsins 64/432/EBE (1),
 - f) það þegar strangara eftirlit er nauðsynlegt til að taka tillit til nýtilkominna sjúkdóma eða tiltekinn sjúkdóma sem eru í skrá B frá Alþjóðadýraheilbrigðisstofnuninni.
4. Í stykkjunarstöðvum skal lögbæra yfirvaldið sjá til þess að opinber dýralæknir eða opinber aðstoðarmaður sé viðstaddur þegar kjöt er unnið og nógu oft til þess að markmið þessarar reglugerðar náist.

(¹) Stjtið. EB L 121, 29.7.1964, bls. 1977/64. Tilskipuninni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 21/2004 (Stjtið. ESB L 5, 9.1.2004, bls. 8).

III. KAFLI: ÞÁTTAKA STARFSFÓLKS SLÁTURHÚSA

A. SÉRSTÖK VERKEFNI VARÐANDI FRAMLEIÐSLU KJÖTS AF ALIFUGLUM OG NÖRTURUM

Aðildarríkjunum er heimilt að leyfa starfsmönnum sláturhúsa að annast verkefni opinberra aðstoðarmanna við eftirlit með framleiðslu á kjöti af alifuglum og nörturum með eftirfarandi skilyrðum:

- a) Ef starfsstöðin hefur viðhaft góðar hollustustarfsvenjur í samræmi við 4. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar og verklagsreglur sem grundvallast á GÁHMSS-kerfinu (greining á hættu og mikilvægir stýristaðir) í a.m.k. tólf mánuði er lögbæra yfirvaldinu heimilt að leyfa starfsfólki starfsstöðvarinnar, sem hefur fengið sömu hjálfun og opinberu aðstoðarmennirnir og gengist undir sama próf, að annast verkefni opinberu aðstoðarmannanna og verða hluti af óháðum skoðunarhópi lögbæra yfirvaldsins, undir eftirliti og stjórn og á ábyrgð opinbera dýralæknisins. Við þessar aðstæður þarf opinberri dýralæknirinn að vera viðstaddur þegar skoðun fer fram bæði fyrir og eftir slátrun og hafa umsjón með störfum þess og framkvæma reglulega frammistöðumat til þess að tryggja að hæfni starfsfólks við að inna þessi störf af hendi sé í samræmi við þær tilteknu viðmiðanir sem lögbæra yfirvaldið hefur mælt fyrir um og skal hann skrá niðurstöður þessa frammistöðumats. Setja skal nákvæmar reglur um frammistöðumat í samræmi við verklagsreglum í 18. gr.. Ef vinna þessa starfsfólks hefur áhrif á hollustuhætti í starfsstöðinni vegna þess að það vinnur störf sín ekki sómasamlega eða vegna þess að það vinnur störf sín almennt ekki á fullnægjandi hátt að mati lögbæra yfirvaldsins skal láta opinbera aðstoðarmenn koma í þess stað Ábyrgð á framleiðslu annars vegar og skoðun hins vegar í starfsstöðinni skal vera aðskilin og allar starfsstöðvar, sem æskja þess að nota sína eigin skoðunarmenn, verða að vera með alþjóðlega viðurkennt vottorð.
- b) Lögbæra yfirvaldið í aðildarríkinu skal, að meginreglu til og í hverju tilviki fyrir sig, ákveða hvort heimila eigi upptöku kerfisins sem lýst er hér að framan. Ef aðildarríki ákveður að heimila þetta kerfi skal það tilkynna framkvæmdastjórninni þá ákvörðun og tilheyrandi skilyrði. Í þeim aðildarríkjum þar sem þetta fyrirkomulag er tekið upp er stjórnendum matvælafyrirtækja fjárlást að velja um hvort þeir nota þetta kerfi í reynd. Lögbæra yfirvaldið skal ekki þvinga stjórnanda matvælafyrirtækja til þess að koma kerfinu á sem hér er lýst. Ef lögbæra yfirvaldið er þess ekki fullvísst að stjórnandi matvælafyrirtækis uppfylli settar kröfur skal þetta kerfi ekki tekið upp í þeirri starfsstöð. Til þess að meta þetta skal lögbæra yfirvaldið fara yfir framleiðslu- og skoðunarskýrslur og kanna þá tegund starfsemi, sem fram fer í starfsstöðinni, hvort settum reglum hafi áður verið fylgt, sérþekkingu starfsfólks sláturhússins og faglegt viðhorf þess og ábyrgðartilfinningu að því er varðar matvælaöryggi, sem og aðrar upplýsingar sem skipta máli.

B. SÉRSTÖK SÝNATÓKU- OG PRÓFUNARVERKEFNI

Starfsfólki sláturhúss, sem hefur fengið sérstaka hjálfun, er heimilt að annast, undir eftirliti opinbera dýralæknisins og á hans ábyrgð, tiltekin sýnatöku- og prófunarverkefni að því er varðar allar dýrategundir.

IV. KAFLI: FAGLEG MENNTUN OG HÆFI

A. OPINBERIR DÝRALÆKNAR

1. Lögbæra yfirvaldinu er eingöngu heimilt að tilfærna dýralækna sem opinbera dýralækna hafi þeir staðist próf sem fullnægir kröfum 2. liðar.
2. Lögbæra yfirvaldið ber ábyrgð á fyrirkomulagi prófsins. Prófið skal staðfesta kunnáttu í eftirfarandi greinum, að því marki sem slíkt er nauðsynlegt, allt eftir bakgrunni dýralæknisins, menntun hans og hæfi:
 - a) landsbundinni löggjöf og löggjöf Bandalagsins um ráðstafanir dýralækna yfirvalda að því er varðar lýðheilsu, um öryggi matvæla, heilbrigði og velferð dýra og lyf,
 - b) meginreglum sameiginlegrar stefnu í landbúnaði, markaðsráðstöfunum, endurgreiðslum vegna útlutnings og greiningu á sviksamlegri starfsemi (þ.m.t. á heimsvísu: Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO), aðgerðir er varða hollustuhætti og heilbrigði dýra og plantna (SPS), Codex Alimentarius, Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunin (OIE),
 - c) undirstöðuatriðum matvælavinnslu og matvælatekni,

- d) meginreglum, hugtökum og aðferðum við góða framleiðsluhætti og gæðastjórnun,
 - e) gæðastjórnun fyrir uppskeru (góðar starfsvenjur í landbúnaði),
 - f) eflingu og notkun góðra hollustustarfsvenja í tengslum við matvæli, öryggi er varðar matvæli (góðar hollustustarfsvenjur),
 - g) meginreglum, hugtökum og aðferðum við áhættugreiningu,
 - h) meginreglum, hugtökum og aðferðum GáHMSS-kerfisins og notkun þess kerfis í allri matvælaframleiðslukeðjunni,
 - i) forvörn og vörn gegn hættu fyrir heilbrigði manna sem rekja má til matvæla,
 - j) stofnhreyfifræði að því er varðar smitun og eitrun,
 - k) faraldsfræðigreiningu,
 - l) vöktunar- og eftirlitskerfum,
 - m) úttekt og lögbundnu mati á stjórnunarkerfum sem tengjast öryggi matvæla,
 - n) grundvallarreglum um nútímaprófunaraðferðir og beitingu þeirra við greiningu,
 - o) upplýsinga- og samskiptatækni í tengslum við ráðstafanir dýralæknayfirvalda með tilliti til lýðheilsu,
 - p) meðhöndlun gagna og beiting líftölfræði,
 - q) rannsóknunum á uppkomu sjúkdóma sem berast í menn með matvælum,
 - r) viðeigandi þáttum sem varða smitandi heilahrönnunarsjúkdóma,
 - s) velferð dýra við framleiðslu, flutning og slátrun,
 - t) umhverfismálum sem varða matvælaframleiðslu (þ.m.t. meðhöndlun úrgangs),
 - u) varúðarreglunni og málum sem varða neytendur
- og
- v) meginreglum um hjálfun starfsfólks sem vinnur við framleiðsluferlið.

Umsækjendum er heimilt að afla sér tilskilinnar þekkingar sem hluta af almennt menntun í dýralækningum eða með hjálfun eða starfsreynslu að loknu prófi í dýralækningum. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að leggja fyrir mismunandi próf allt eftir bakgrunni umsækjenda. Ef lögbæra yfirvaldið er hins vegar þess fullvisst að umsækjandi hafi orðið sér úti um alla tilskilda þekkingu sem hluta af háskólagráðu, eða með framhaldsnámi að loknu prófi úr háskóla getur það veitt honum undanþágu frá þeirri kröfu að taka próf.

3. Dýralæknirinn skal vera fær um að taka þátt í þverfaglegu samstarfi.
4. Að auki skulu allir opinberir dýralæknar fá verklega hjálfun í a.m.k. 200 klukkustundir á reynslutímabilinu áður þeir fara að starfa sjálfstætt. Á þessu tímabili skal sá sem er í hjálfun starfa undir stjórn opinberra dýralækna í slátruhúsum, stykkjunarstöðvum, stöðvum þar sem nýtt kjöt er skoðað og á bújörðum. Þjálfunin skal einkum taka til úttektar á stjórnunarkerfum sem tengjast öryggi matvæla
5. Opinberi dýralæknirinn skal tileinka sér nýjustu þekkingu og fylgjast með nýjungum með reglubundinni símenntun og lestri fræðiritra. Opinberi dýralæknirinn skal árlega sinna símenntun verði því við komið.

6. Dýralæknar, sem þegar hafa verið tilnefndir sem opinberir dýralæknar, verða að hafa haldgóða þekkingu á því efni sem um getur í 2. lið. Ef nauðsyn krefur skulu þeir afla sér þessarar þekkingar með simenntun. Lögþæra yfirvaldið skal gera viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni.
- 7) Þrátt fyrir 1.–6. lið er aðildarríkjnum heimilt að mæla fyrir um sérstakar reglur um opinbera dýralækna í hlutastarfi sem bera ábyrgð á eftirliti með litlum fyrirtækjum.

B. OPINBERIR AÐSTOÐARMENN

1. Lögþæra yfirvaldinu er ekki heimilt að tilnefna einstaklinga sem opinbera aðstoðarmenn nema þeir hafi fengið þjálfun og staðist próf í samræmi við eftirfarandi kröfur.
2. Lögþæra yfirvaldið ber ábyrgð á fyrirkomulagi prófsins. Til þess að geta tekið þessi próf verða umsækjendur að samna að þeir hafi fengið:
 - a) a.m.k. 500 klukkustunda fræðilega þjálfun og að a.m.k. 400 klukkustunda verklega þjálfun á þeim sviðum sem tilgreind eru í 5. lið
 - og
 - b) þá viðbótarþjálfun sem krafist er til þess að opinberir aðstoðarmenn geti sinnt skyldustörfum sínum á fullnægjandi hátt.
3. Verklega þjálfunin, sem um getur í a- lið 2. liðar, skal fara fram í sláturhúsum og stykkjunarstöðvum undir eftirliti opinbers dýralæknis og á bújörðum og öðrum viðeigandi starfsstöðvum.
4. Þjálfun og próf skulu einkum varða rautt kjöt eða kjöt af alifuglum. Þó þurfa þeir einstaklingar, sem hafa fengið þjálfun í annarri þessara tveggja greina og staðist próf, aðeins að fá stytta þjálfun til þess að taka próf í hinni greininni. Þjálfun og próf skulu taka til villtra veiðidýra, alinna veiðidýra og nartara, eftir því sem við á.
5. Opinberir aðstoðarmenn skulu fá þjálfun í eftirfarandi greinum og kunnátta þeirra í þeim staðfest með prófi:
 - a) að því er varðar bújarðir:
 - i) fræðilegur hluti:
 - þekking á landbúnaðarmálum (skipulag, framleiðsluaðferðir, alþjóðaviðskipti o.s.frv.),
 - góðar starfsvenjur í búfjárrækt,
 - grunnþekking á sjúkdómum, einkum mannsmitanlegum dýrasjúkdómum sem stafa af veirum, bakteríum, sníklum o.s.frv.,
 - eftirlit með sjúkdómum, notkun lyfja og bóluafna, greining efnaleifa,
 - hollustuhættir og heilbrigðissskoðun,
 - velferð dýra á bújörð og í flutningi,
 - kröfur í umhverfismálum – í byggingum, á bújörðum og almennt,
 - viðeigandi lög og stjórnsýslufyrirmæli,
 - málefni er varða neytendur og gæðaeftirlit,
 - ii) verklegur hluti:
 - heimsóknir á ólíkar gerðir bújarða og notkun mismunandi eldisaðferða,

- heimsóknir til framleiðslustöðva,
- eftirlit með fermingu og affermingu dýra,
- tilraunir á rannsóknarstofu,
- heilbrigðiseftirlit með dýrum og dýraafurðum
- skjalahald,

b) að því er varðar sláturhús og stykkjunarstöðvar:

i) fræðilegur hluti:

- þekking á kjötiðnaðinum (skipulag, framleiðsluaðferðir, alþjóðaviðskipti og slátrunar- og stykkjunartækni),
- grunnþekking á hollustuháttum og góðum hollustuháttum, einkum hollustuháttum í iðnaði, við slátrun, stykkjun og geymslu, auk hollustuhátta í starfi,
- GáHMSS og úttekt á verklagsreglum sem byggjast á GáHMSS-kerfinu,
- velferð dýra við affermingu eftir flutning og í sláturhúsi,
- grunnþekking á líffærafræði og lífeðlisfræði sláturdýra,
- grunnþekking á meinafræði sláturdýra,
- grunnþekking á líffærameinafræði sláturdýra,
- viðeigandi þekking á smitandi heilahrönnunarsjúkdómum og öðrum mikilvægum, mannsmitanlegum dýrasjúkdómum og smitvöldum af því tagi,
- þekking á aðferðum og verklagsreglum við slátrun, skoðun, tilreiðslu, pökkun í innri og ytri umbúðir og flutning á nýju kjöti
- grunnþekking í örverufræði,
- skoðun fyrir slátrun,
- rannsókn vegna trikinuveiki,
- skoðun eftir slátrun,
- stjórnsýslustörf,
- þekking á viðeigandi lögum og stjórnsýslufyrirmælum,
- aðferðir við sýnatöku,
- atriði sem varða svik,

ii) verklegur hluti:

- sannaþreining dýra,
- aldursgreining,
- skoðun og mat á sláturdýrum,

- skoðun eftir slátrun í sláturhúsi,
 - rannsókn vegna trikinuveiki,
 - sannaingreining dýrategundar með rannsókn á dæmigerðum hlutum dýrsins,
 - sannaingreining og umsögn um hluta slátraðs dýrs sem breytingar hafa komið fram í,
 - eftirlit með hollustuháttum, þ.m.t. úttekt á góðum hollustustarfsvenjum og verklagsreglum sem grundvallast á GÁHMSS-kerfinu,
 - skráning niðurstaðna á skoðun fyrir slátrun,
 - sýnataka,
 - rekjanleiki kjötsins,
 - skjalahald.
6. Opinberir aðstoðarmenn skulu tileinka sér nýjstu þekkingu og fylgjast með nýjungum með símenntun og lestri fræðiritra. Opinberir aðstoðarmenn skulu árlega sinna símenntun verði því við komið.
7. Einstaklingar, sem þegar hafa verið tilnefndir sem opinberir aðstoðarmenn, verða að hafa haldgóða þekkingu á því efni sem um getur í 5. lið. Hvenær sem nauðsyn ber til skulu þeir tileinka sér þessa þekkingu með því að sinna símenntun. Lögbært yfirvald skal gera viðeigandi ráðstafanir í þessu skyni.
8. Þegar opinberir aðstoðarmenn annast eingöngu sýnatöku eða greiningu í tengslum við rannsóknir vegna trikinuveiki þarf opinbert yfirvald þó eingöngu að sjá til þess að þeir fái hjálfun sem hæfir þeim verkefnum.

IV. ÞÁTTUR SÉRTÆKAR KRÖFUR

I. KAFLI: TAMDIR NAUTGRIPIR

A. NAUTGRIPIR YNGRI EN SEX VIKNA

Skrokka og sláturmat nautgripa yngri en sex vikna skal skoða eftir slátrun og fylgja eftirfarandi verklagsreglum:

1. sjónræn skoðun á höfði og hálsi, rista skal í og rannsaka kjálkabaröseitla (latneskt heiti: *retropharyngiales*), skoðun kjafits og kverka, þreifing tungu; fjarlæging hálskirtla,
2. sjónræn skoðun á lungum, barka og vélinda; lungu skal þreifa; rista skal í berkju- og miðmætiseitla (latnesk heiti: *bifurcationes*, *eparteriales* og *mediastinales*) og skoða. Opna skal barka og helstu berkjukvíslar að endilöngu og rista í neðsta þriðjung lungna, hornrétt á meginása þeirra; þessar ristur eru ekki nauðsynlegar þegar lungun eru ekki ætluð til manneldis,
3. sjónræn skoðun á gollurshúsi og hjarta, hjartað skal skorið langsum svo að unnt sé að opna sleglana og skera á holskilorúmið,
4. sjónræn skoðun á þind,
5. sjónræn skoðun á lifur og lifrar- og briseitlum (latneskt heiti: *portales*); þreifing og, ef nauðsyn ber til, skal rista í lifur og eitla hennar,
6. sjónræn skoðun á meltingarvegi, garnahengi og eitlum í meltingarvegi og garnahengi (latnesk heiti: *gastrici*, *mesenterici*, *craniales* og *caudales*), þreifing á eitlum í meltingarvegi og garnahengi og, ef nauðsyn krefur, skal rista í þessa eitla,

7. sjónræn skoðun og, ef nauðsyn krefur, þreifing á milta,
8. sjónræn skoðun á nýrum; rista, ef nauðsyn krefur, í nýrun og eitla þeirra (latneskt heiti: *renales*),
9. sjónræn skoðun á brjósthimnu og lífhimnu,
10. sjónræn skoðun og þreifing á svæðinu í kringum naflastrenginn og liði. Í vafatilvikum skal rist í svæðið í kringum naflann og liðir opnaðir; rannsaka verður liðvökva.

B. NAUTGRIPIR ELDRI EN SEX VIKNA

Skrokka og sláturmat nautgripa eldri en sex vikna skal skoða eftir slátrun og fylgja eftirfarandi verklagsreglum:

1. sjónræn skoðun á höfði og hálsi, rista skal í og rannsaka eitla bak við kokið og kjálkabarðs- og vangaeitla (latnesk heiti *retropharyngiales*, *mandibulares* og *parotidei*), rannsaka verður ytri tyggjanda, sem taka verður tvær ristur í samsíða kjálkabarðinu, og innri tyggjanda (innri vængklakksvöðva) sem skal rista í eina ristu. Tunguna, sem hefur verið losuð nægilega til að unnt sé að skoða kjaft og kverkar nákvæmlega, skal skoða sjónrænt og þreifa á henni. Hálskirtlar skulu fjarlægðir,
2. skoðun á barka og vélinda, sjónræn skoðun og þreifing á lungum, rista skal í og skoða berkju- og miðmætiseitla (latnesk heiti: *bifurcationes*, *eparteriales* og *mediastinales*). Opna skal barka og helstu berkjukvislar að endilöngu og rista í aftanverðan þriðjung lungna, hornrétt á meginása þeirra; þessar ristur eru ekki nauðsynlegar þegar lungun eru ekki ætluð til manneldis,
3. sjónræn skoðun á gollurshúsi og hjarta; hjartað skal skorið langsum til að opna sleglana og skera skal gegnum sleglaskiptin,
4. sjónræn skoðun á þind,
5. sjónræn skoðun og þreifing á lifur og lifrar- og briseitlum (latneskt heiti: *portales*); rista skal í yfirborð lifrarinnar að aftanverðu og neðsta hluta rófublaðsins til að kanna gallgöngin,
6. sjónræn skoðun á meltingarvegi, garnahengi, eitlum í maga og garnahengi (latnesk heiti: *gastrici*, *mesenterici*, *craniales* og *caudales*), þreifing á eitlum í maga og garnahengi og, ef nauðsyn krefur, skal rista í þessa eitla,
7. sjónræn skoðun og, ef nauðsyn krefur, þreifing á milta
8. sjónræn skoðun á nýrum og rista skal, ef nauðsyn krefur, í nýrun og eitla þeirra (latneskt heiti: *renales*),
9. sjónræn skoðun á brjósthimnu og lífhimnu,
10. sjónræn skoðun á kynfærum (að undanskildum getnaðarlim, ef honum hefur þegar verið fleygt),
11. sjónræn skoðun og, ef nauðsyn krefur, skal þreifa á júgri og rista í það og eitla þess (latneskt heiti: *supramammarii*). Í kúm skal hvor helmingur júgursins opnaður með löngum, djúpum skurði sem nær allt að mjólkurstokkum (*simus lactiferes*) og rista verður í eitla júgursins, nema þegar júgrið er ekki ætlað til manneldis.

II. KAFLI: TAMID SAUÐFÉ OG GEITUR

Skrokka og sláturmat sauðfjár og geita skal skoða eftir slátrun og fylgja eftirfarandi verklagsreglum:

1. sjónræn skoðun á höfði eftir fláningu og, í vafatilvikum, rannsókn á hálsi, kjafti, tungu, eitlum bak við kokið og vangaeitlum. Með fyrirvara um reglur um dýraheilbrigði eru þessar rannsóknir ekki nauðsynlegar geti lögbært yfirvald ábyrgt að haus, ásamt tungu og heila, sé ekki ætlað til manneldis,
2. sjónræn skoðun á lungum, barka og vélinda; þreifing lungna og berkju- og miðmætiseitla (latnesk heiti: *bifurcationes*, *eparteriales* og *mediastinales*); í vafatilvikum skal rista í þessi líffæri og eitla og rannsaka,
3. sjónræn skoðun á gollurshúsi og hjarta; í vafatilvikum skal hjartað skorið og rannsakað,
4. sjónræn skoðun á þind,
5. sjónræn skoðun á lifur og lifrar- og briseitlum (latneskt heiti: *portales*); þreifing á lifur og eitlum hennar; rista skal í lifur að aftanverðu til að rannsaka gallgöngin,
6. sjónræn skoðun á meltingarvegi, garnahengi og eitlum í maga og garnahengi (latnesk heiti: *gastrici*, *mesenterici*, *craniales* og *caudales*),
7. sjónræn skoðun og, ef nauðsyn krefur, þreifing á miltanu,
8. sjónræn skoðun á nýrum; rista skal, ef nauðsyn krefur, í nýrun og eitla þeirra (latneskt heiti: *renales*),
9. sjónræn skoðun á brjósthimnu og lífhimnu,
10. sjónræn skoðun á kynfærum (að undanskildum getnaðarlím, ef honum hefur þegar verið fleygt),
11. sjónræn skoðun á júgri og eitlum þess,
12. sjónræn skoðun og þreifing á svæðinu kringum naflastrenginn og liðum í ungvíði. Í vafatilvikum skal rist í svæðið kringum naflann og liðir opnaðir; liðvökva skal rannsaka.

III. KAFLI: TAMIN HÓFDÝR

Skrokka og sláturmat hófdýra skal skoða eftir slátrun og fylgja eftirfarandi verklagsreglum:

1. sjónræn skoðun á höfði og, eftir að losað hefur verið um tunguna, hálsi og, ef nauðsyn krefur, skal þreifa á og rista í eitla bak við kokið, kjálkabarðs- og vangaeitla (latnesk heiti: *retropharyngiales*, *mandibulares* og *parotidei*). Tunguna, sem hefur verið losuð nægilega til að unnt sé að skoða kjaft og kverkar nákvæmlega, skal skoða sjónrænt og þreifa á henni. Fjarlægja skal hálskirtla,
2. sjónræn skoðun á lungum, barka og vélinda; þreifing á lungum; þreifing á berkju- og miðmætiseitlum (latnesk heiti *bifurcationes*, *eparteriales* og *mediastinales*) og, ef nauðsyn krefur, skal rista í þá. Opna skal barka og helstu berkjukvislar að endilöngu og rista í aftanverðan þriðjung lungna, hornrétt á meginása þeirra; þessar ristur eru ekki nauðsynlegar þegar lungun eru ekki ætluð til manneldis,
3. sjónræn skoðun á gollurshúsi og hjarta; hjartað skal skorið langsum svo að unnt sé að opna sleglana og skera skal gegnum sleglaskiptin,
4. sjónræn skoðun á þind,
5. sjónræn skoðun, þreifing og, ef nauðsyn krefur, skal rista í lifur og lifrar- og briseitla (latneskt heiti: *portales*),
6. sjónræn skoðun á meltingarvegi, garnahengi, eitlum í maga og garnahengi (latnesk heiti: *gastrici*, *mesenterici*, *craniales* og *caudales*); ef nauðsyn krefur skal rista í eitla í maga og garnahengi,
7. sjónræn skoðun og, ef nauðsyn krefur, þreifing á milta,

8. sjónræn skoðun á nýrum; rista skal, ef nauðsyn krefur, í nýrun og eitla þeirra (latneskt heiti: *renales*),
9. sjónræn skoðun á brjósthimnu og lífhimnu,
10. sjónræn skoðun á kynfærum graðhesta (að undanskildum getnaðarlim, ef honum hefur þegar verið fleygt) og mera,
11. sjónræn skoðun á júgri og eitlum þess (latneskt heiti: *supramammarii*) og, ef nauðsyn krefur, skal rista í eitla júgursins,
12. sjónræn skoðun og þreifing á svæðinu í kringum naflastrenginn og liðum í ungvíði. Í vafatilvikum skal rist í svæðið í kringum naflann og liðir opnaðir; liðvökva skal rannsaka,
13. skoða verður alla gráa eða hvíta hesta með tilliti til sortunar og sortuæxla með athugun á vöðvum og eitlum (latneskt heiti: *lymphonodi subrhomboides*) á herðum undir herðablaðsbrjóskinu með því að losa um aðra axlarfestinguna. Losa skal um nýrun, rista þau að endilöngu og rannsaka.

IV. KAFLI: ALISVÍN

A. SKOÐUN FYRIR SLÁTRUN

1. Lögþæra yfirvaldinu er heimilt að ákveða að svin, sem eiga að fara til slátrunar, séu skoðuð fyrir slátrun á upprunabújörðinni. Í því tilviki er ekki heimilt að slátra hópi dýra frá bújörð nema:
 - a) heilbrigðisvottorðið, sem kveðið er á um í A-hluta X. kafla, fylgi dýrunum
og
 - b) kröfurnar í 2.–5. lið séu uppfylltar.
2. Skoðun fyrir slátrun á upprunabújörðinni skal fela í sér:
 - a) athugun á skrárm eða skjölum á bújörðinni, þ.m.t. upplýsingar um matvælaferlið,
 - b) rannsókn á svinunum til þess að ákvarða hvort:
 - i) þau séu haldin sjúkdómi eða séu í því ástandi að þau geti smitað dýr eða menn þegar þau eru meðhöndluð eða þegar kjöts af þeim er neytt eða þau sýna, hvert fyrir sig eða hópurinn í heild, einkenni sem gefa til kynna að um slíkan sjúkdóm geti verið að ræða,
 - ii) þau sýna merki um almennar hegðunartruflanir eða sjúkdómseinkenni sem geta gert kjötið óhæft til manneldis eða
 - iii) einhver vísbending eða merki sé fyrir hendi um að þau kunni að innihalda leifar efna umfram þau hámarksgildi sem mælt er fyrir um í löggið Bandalagsins eða leifar bannaðra efna.
3. Opinber dýralæknir eða viðurkenndur dýralæknir skal annast skoðun fyrir slátrun á bújörðinni. Svinin skulu send beint í slátrun og mega ekki blandast öðrum svinum.
4. Skoðun fyrir slátrun í slátruhúsi þarf aðeins að taka til:
 - a) eftirlits með auðkennum dýrsins
og
 - b) athugunar þar sem gengið er úr skugga um að reglum um velferð dýra hafi verið fylgt og hvort merki eru til staðar um eitthvert það ástand sem kann að hafa skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra. Opinberum aðstoðarmanni er heimilt að annast þessa athugun.
5. Ef svinum er ekki slátrað innan þriggja daga frá útgáfu heilbrigðisvottorðsins sem kveðið er á um í a-lið 1. liðar:
 - a) skulu þau, hafi þau ekki verið flutt frá upprunabújörðinni til slátruhússins, rannsökuð aftur og nýtt heilbrigðisvottorð gefið út,

- b) má, ef svínin eru þegar á leiðinni til sláturhússins, heimila slátrun þegar ástæða tafarinnar hefur verið metin, að því tilskildu að svínin sæti frekari heilbrigðisskoðun eftir slátrun.

B. SKOÐUN EFTIR SLÁTRUN

1. Skrokka og sláturmat svína, annarra svína en þeirra sem um getur í 2. lið, skal skoða eftir slátrun og fylgja eftirfarandi verklagsreglum:
 - a) sjónræn skoðun á höfði og hálsi; rista skal í og rannsaka kjálkabarðseitla (latneskt heiti: *mandibulares*); sjónræn skoðun á kjafti, kverkum og tungu,
 - b) sjónræn skoðun á lungum, barka og vélinda; þreifing á lungum og berkju- og miðmætiseitlum (latnesk heiti: *bifurcations, eparteriales* og *mediastinales*). Opna skal barka og helstu berkjukvíslar að endilöngu og rista í neðsta þriðjung lungna, hornrétt á meginása þeirra; þessar ristur eru ekki nauðsynlegar þegar lungun eru ekki ætluð til manneldis,
 - c) sjónræn skoðun á gollurshúsi og hjarta, hjartað skal skorið langsum svo að unnt sé að opna holin og skera á holskílrúmið,
 - d) sjónræn skoðun á þind,
 - e) sjónræn skoðun á lifur og lifrar- og briseitlum (latneskt heiti: *portales*); þreifing á lifur og eitlum hennar,
 - f) sjónræn skoðun á meltingarvegi, garnahengi, eitlum í maga og garnahengi (latnesk heiti: *gastrici, mesenterici, craniales* og *caudales*); þreifing á eitlum í meltingarvegi og garnahengi og, ef nauðsyn krefur, skal rista í þessa eitla,
 - g) sjónræn skoðun og, ef nauðsyn krefur, þreifing á milta,
 - h) sjónræn skoðun á nýrum; rista, ef nauðsyn krefur, í nýrun og eitla þeirra (latneskt heiti: *renales*),
 - i) sjónræn skoðun á brjósthimnu og lífhimnu,
 - j) sjónræn skoðun á kynfærunum (að undanskildum getnaðarlim, ef honum hefur þegar verið fleygt),
 - k) sjónræn skoðun á júgrinu og eitlum þess (latneskt heiti *supramammarii*); rista skal í júgureitla gylta,
 - l) sjónræn skoðun og þreifing á svæðinu í kringum naflastrenginn og liðum í ungvíði; í vafatilvikum skal rist í svæðið í kringum naflann og liðir opnaðir.
2. Lögþæra yfirvaldinu er heimilt, á grundvelli faraldsfræðilegra gagna eða annarra gagna frá bújörðinni, að ákveða að eldissvín, sem hafa verið hýst við stýrð skilyrði í samþættum framleiðslukerfum allt frá því að þau voru vanin undan, sæti í sumum eða öllum þeirra tilvika, sem um getur í 1. lið, einungis sjónrænni skoðun.

V. KAFLI: ALIFUGLAR

A. Skoðun fyrir slátrun,

1. Lögþæra yfirvaldinu er heimilt að ákveða að alifuglar, sem fara eiga til slátrunar, séu skoðaðir fyrir slátrun á upprunabújörðinni. Í því tilviki er ekki heimilt að slátra hópi fugla frá bújörð nema:
 - a) heilbrigðisvottorðið, sem kveðið er á um í A-hluta X. kafla, fylgi þeim
og
 - b) kröfurnar í 2.–5. lið séu uppfylltar.
2. Skoðun fyrir slátrun á bújörðinni, sem fuglarnir koma frá, skal fela í sér:
 - a) athugun á skrárm eða skjölum á bújörðinni, þ.m.t. upplýsingar um matvælaferlið,

- b) rannsókn á hópnum til að ákvarða hvort fuglarnir:
- i) séu haldnir sjúkdómi eða séu í því ástandi að þeir geti smitað dýr eða menn þegar þeir eru meðhöndlaðir eða þegar kjöts af þeim er neytt eða þeir hegða sér á þann hátt að um slíkan sjúkdóm geti verið að ræða,
 - ii) þau sýna merki um almennar hegðunartruflanir eða sjúkdómseinkenni sem geta gert kjötið óhæft til manneldis eða
3. Opinber dýralæknir eða viðurkenndur dýralæknir skal annast skoðun fyrir slátrun á bújörðinni.
4. Skoðun fyrir slátrun í sláturhúsi þarf aðeins að taka til:
- a) eftirlits með auðkennum dýrsins
- og
- b) athugunar þar sem gengið er úr skugga um að reglum um velferð dýra hafi verið fylgt og hvort merki eru til staðar um eitthvert það ástand sem kann að hafa skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra. Opinberum aðstoðarmanni er heimilt að annast þessa athugun.
5. Þegar fuglum er ekki slátrað innan þriggja daga frá útgáfu heilbrigðisvottorðsins sem kveðið er á um í a-lið 1. liðar:
- a) skulu þeir, hafi hópurnir ekki verið fluttir frá upprunabújörðinni til sláturhússins, rannsakaðir aftur og nýtt heilbrigðisvottorð gefið út,
 - b) má, ef fuglarnir eru þegar á leiðinni til sláturhússins, heimila slátrun þegar ástæða tafarinnar hefur verið metin, að því tilskildu að fuglarnir sæti frekari heilbrigðisskoðun eftir slátrun.
6. Þegar skoðun fyrir slátrun fer ekki fram á bújörð skal opinberi dýralæknirinn annast skoðun á öllum fuglahópnum í sláturhúsinu.
7. Ef fuglarnir sýna klínísk sjúkdómseinkenni er óheimilt að slátra þeim og nota til manneldis. Hins vegar er heimilt að slátra þessum fuglum í sláturlínu að venjulegri slátrun lokinni, ef varúðarráðstafanir eru gerðar til þess að koma í veg fyrir útbreiðslu sjúkdómsvaldandi lífvera og starfsstöðin er hreinsuð og sóttþreinsuð þegar í stað eftir slátrun.
8. Þegar um er að ræða alifugla, sem aldir eru til framleiðslu á fituríkri lifur („foie gras“), og alifugla, sem slátrað er á upprunabújörðinni og frestað hefur verið að taka innan úr, skal skoðun fyrir slátrun fara fram í samræmi við 2. og 3. lið. Vottorð í samræmi við fyrirmyndina, sem sett er fram í C-hluta skal fylgja skrokkum, sem eftir er að taka innan úr, til sláturhússins eða stykkjunarstöðvarinnar.
- B. Skoðun eftir slátrun
1. Allir fuglar skulu skoðaðir eftir slátrun í samræmi við I. og III. þátt Að auki skal opinber dýralæknir sjálfur annast eftirfarandi skoðanir:
- a) daglega skoðun á innnyflum og líkamsholum á dæmigerðu úrtaki fugla,
 - b) nákvæma skoðun á slembiúrtaki úr hverri framleiðslulotu fugla af sama uppruna, á hlutum fugla eða heilum fuglum sem dæmdir hafa verið óhæfir til manneldis að lokinni skoðun eftir slátrun
- og
- c) hvers kyns aðrar nauðsynlegar rannsóknir ef grunur leikur á að kjöt af viðkomandi fuglum geti verið óhæft til manneldis.
2. Þegar um er að ræða alifugla, sem aldir eru til framleiðslu á fituríkri lifur („foie gras“), og alifugla sem frestað hefur verið að taka innan úr sem fengnir eru á upprunabújörðinni, skal skoðun eftir slátrun taka til skoðunar á vottorðinu sem fylgir skrokkunum. Þegar slíkir skrokkar eru fluttir beint frá bújörð til stykkjunarstöðvar skal skoðun eftir slátrun fara fram í stykkjunarstöðinni.

C. FYRIRMYND AÐ HEILBRIGÐISVOTTORÐI

HEILBRIGÐISVOTTORÐ

fyrir alifugla, sem ætlaðir eru til framleiðslu á fituríkri lifur („foie gras“), og alifugla sem slátrað er á upprunabújörðinni en frestað hefur verið að taka innan úr

Þar til bær þjónusta:

Nr:

1. Upplýsingar til að sanngreina skrokka sem eftir er að taka innan úr

Tegund:

Fjöldi:

2. Uppruni skrokka sem ekki hefur verið tekið innan úr

Heimilisfang bújarðar:

3. Viðtökustaður skrokka sem eftir er að taka innan úr

Skrokkarnir sem eftir er að taka innan úr verða fluttir til eftirfarandi stykkjunarstöðva:

.....

4. Yfirlýsing

Ég, undirrituð/undirritaður lýsi því yfir að:

- skrokkarnir sem eftir er að taka innan úr og lýst er hér að framan eru af fuglum sem hafa verið skoðaðir fyrir slátrun á framangreindri bújörð kl.....(tími) þann.....(dagsetning) og komist að þeirri niðurstöðu að þeir væru heilbrigðir,
- skrár og gögn varðandi þessi dýr fullnægja lagalegum kröfum og koma því ekki í veg fyrir slátrun fuglanna.

Gjört í:

(Staður)

þann:

(Dagsetning)

Stimpill

.....
(Undirskrift opinbers eða viðurkennds dýralæknis)

VI. KAFLI ALDIR NARTARAR

Fyrir nartara gilda sömu kröfur og fyrir alifugla

VII. KAFLI: ALIN VEIÐIDÝR

A. **Skoðun fyrir slátrun,**

1. Heimilt er að skoða dýr fyrir slátrun á upprunabújörðinni, enda sé kröfum III. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 fullnægt. Í þessu tilviki skal opinber dýralæknir eða viðurkenndur dýralæknir framkvæma skoðun fyrir slátrun.
2. Skoðun fyrir slátrun á bújörðinni skal taka til eftirlits með skráum eða skjölum á bújörðinni, þ.m.t. upplýsingar um matvælaferlið.
3. Ef dýrin eru færð lifandi í sláturhús eigi síðar en þremur dögum eftir að skoðun fyrir slátrun fór fram þarf skoðun fyrir slátrun í sláturhúsi einungis að taka til:
 - a) eftirlits með auðkennum dýranna
 - og
 - b) athugunar til þess að ganga úr skugga um að reglum um velferð dýra hafi verið fylgt og að dýrin sýni engin merki um eitthvert það ástand sem kann að hafa skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra.
4. Vottorð, sem er í samræmi við fyrirmyndina í A-hluta X. kafla, skal fylgja lifandi dýrum sem skoðuð eru á bújörðinni. Vottorð, sem er í samræmi við fyrirmyndina í B-hluta X. kafla, skal fylgja lifandi dýrum sem skoðuð eru og slátrað er á bújörðinni.

B. **Skoðun eftir slátrun**

1. Þessi skoðun skal fela í sér þreifingu og, ef nauðsyn er talin á, að rist sé í þá hluta dýrsins sem hafa tekið einhverjum breytingum eða eru af einhverjum öðrum ástæðum taldir grunsamlegir.
2. Verklagsreglur við skoðun eftir slátrun, sem kveðið er á um fyrir nautgripi og sauðfé, alisvín og alifugla, gilda einnig um samsvarandi tegundir alinna veiðidýra.
3. Þegar dýrunum hefur verið slátrað á bújörð skal opinberi dýralæknirinn í sláturhúsinu skoða vottorðið sem fylgir þeim.

VIII. KAFLI VILLT VEIÐIDÝR

A. **Skoðun eftir slátrun**

1. Villt veiðidýr skulu skoðuð eins fljótt og auðið er eftir komu í starfsstöðina sem meðhöndlar veiðidýr.
2. Opinberi dýralæknirinn skal taka mið af yfirlýsingunni eða upplýsingunum sem þjálfaði aðilinn sem tók þátt í að veiða dýrið lét í té í samræmi við reglugerð (EB) 853/2004.
3. Við skoðun eftir slátrun skal opinberi dýralæknirinn:
 - a) framkvæma sjónræna skoðun á skrokknum, líkamsholum og, eftir því sem við á, líffærum í því skyni að:
 - i) greina hugsanlegan afbrigðileika sem hefur ekki orsakast af veiðunum. Í þessu skyni má byggja greininguna á öllum upplýsingum sem þjálfaði aðilinn hefur látið í té varðandi hegðun dýrsins áður en það var fellt,
 - ii) ganga úr skugga um að dauða dýrsins megi ekki rekja til annarra orsaka en veiðanna. Ef ekki er hægt að byggja mat á grundvelli sjónrænnar skoðunar eingöngu skal ítarlegri skoðun fara fram á rannsóknarstofu,
 - b) kanna afbrigðileika með skynmatsaðferðum,
 - c) þreifa líffæri, eftir því sem við á,

- d) annast greiningu sýna með tilliti til efnaleifa sem ekki tengjast sjálfum veiðunum, þ.m.t. aðskotaefni úr umhverfinu, ef alvarlegur grunur leikur á að efnaleifar eða aðskotaefni séu til staðar. Fari ítarlegri rannsókn fram vegna slíkra grunsemda skal opinberi dýralæknirinn bíða niðurstöðu þeirrar rannsóknar áður en hann metur öll veiðidýrin sem felld voru í tiltekinni veiðiferð eða þá líkamshluta dýranna sem grunur leikur á að sýni sama afbrigðileika,
- e) rannsaka einkenni sem benda til þess að kjötið sé heilsuspillandi, þ.m.t.:
- i) afbrigðileg hegðun dýrsins meðan það var lifandi eða truflun á eðlilegu ástandi sem veiðimaðurinn hefur greint frá,
 - ii) hvort æxli eða kýli eru almennt til staðar sem hafa áhrif á ýmis innri líffæri eða vöðva,
 - iii) liðbólga, eistnabólga, meinafræðilegar breytingar í lifur eða milta eða bólga í þörmum eða á naflasvæði,
 - iv) hvort framandi hlutir, sem ekki leiðir af veiðunum, eru til staðar í líkamsholi, maga, þörmum eða þvagi, þegar brjósthimna eða lífhimna hefur tekið litarbreytingum (ef viðeigandi innfyli eru til staðar),
 - v) tilvist snikla,
 - vi) hvort umtalsverð gasmyndun hafi átt sér stað í meltingarvegi samfara litarbreytingum innri líffæra (þegar innfyli eru til staðar),
 - vii) verulega afbrigðilegur litur, þéttleiki eða lykt af vöðvum eða líffærum,
 - viii) gömul, opin beinbrot,
 - ix) megurð og/eða almennur eða staðbundinn bjúgur,
 - x) merki um að líffæri hafi nýlega gróið saman við brjósthimnu eða lífhimnu
- og
- xi) aðrar augljósar, umtalsverðar breytingar, s.s. rotnun.
4. Ef opinberi dýralæknirinn krefst þess skal kljúfa hryggjarsúlu og höfuð að endilöngu.
5. Þegar um lítil, villt veiðidýr er að ræða, sem ekki var tekið innan úr strax eftir að þau voru felld, skal opinberi dýralæknirinn framkvæma skoðun eftir slátrun á dæmigerðu úrtaki dýra af sama uppruna. Ef rannsókn leiðir í ljós sjúkdóm, sem menn geta smitast af, eða einhver þau einkenni, sem um getur í e-lið 3. liðar, skal opinberi dýralæknirinn framkvæma frekari skoðanir á allri framleiðslulotunni til að ákvarða hvort dæma á kjötið í allri lotunni óhæft til manneldis eða hvort skoða skuli sérstaklega hvern skrokk fyrir sig.
6. Í vafatilvikum er opinbera dýralækninum heimilt að stykkja frekar og rannsaka viðeigandi líkamshluta dýranna eins og nauðsyn krefur til að fá endanlega greiningu.

B. Ákvarðanir í kjölfar eftirlits

Auk þeirra tilvika, sem kveðið er á um í II. þætti V. kafla, skal kjöt, sem sýnir einhver þau einkenni við skoðun eftir slátrun sem um getur í e-lið 3. liðar A-hluta, dæmt óhæft til manneldis.

IX. KAFLI: SÉRSTÖK HÆTTA

A. Smitandi heilahrönnunarsjúkdómar

Við opinbert eftirlit, sem framkvæmt er í tengslum við smitandi heilahrönnunarsjúkdóma, skal taka mið af kröfum reglugerðar (EB) nr. 999/2001 og annarri viðeigandi löggjöf Bandalagsins.

B. Bandormslirfusýki

1. Verklagsreglurnar í I. og IV. kafla um skoðun eftir slátrun fela í sér lágmarkskröfur um rannsókn vegna bandormslirfusýki í nautgripum eldri en 6 vikna og í svínum. Að auki má styðjast við sértekar sermiprófanir. Þegar um er að ræða nautgripi, sem eru eldri en 6 vikna, er ekki skylt að rista í tyggjandavöðva við skoðun eftir slátrun ef stuðst er við sérstaka sermiprófun. Sama gildir þegar nautgripir eldri en 6 vikna hafa verið aldir á bújörð sem fengið hefur opinbera vottun um að vera laus við bandormslirfusýki.
2. Kjöt, sem smitað er af bandormslirfusýki, skal dæmt óhæft til manneldis. Ef dýrið er hins vegar almennt ekki smitað af bandormlirfum er heimilt að dæma þá líkamshluta þess, sem eru ósmitaðir, hæfa til manneldis eftir að þeir hafa fengið kælimeðferð.

C. Tríkínuveiki

1. Skrokka af svínum (alísvínum, öldum villisvínum og villisvínum), hófdýrum og öðrum tegundum, sem geta smitast af trikínuveiki, skal rannsaka með tilliti til trikínuveiki í samræmi við gildandi löggjöf Bandalagsins nema hún kveði á um annað.
2. Kjöt, sem smitað er af trikínu, skal dæmt óhæft til manneldis.

D. Sníf

1. Þar sem við á skal skoða hófdýr til að kanna hvor þau séu haldin snífi. Rannsókn vegna snífs í hófdýrum skal fela í sér nákvæma rannsókn á slímhúð barka, barkakýlis, nefhols og afholum nefis eftir að haus hefur verið klofinn eftir miðlínu og miðnesið fjarlægð.
2. Kjöt af hrossum, sem hafa greinst með sníf, skal dæmt óhæft til manneldis.

E. Berklar

1. Ef dýr hafa sýnt jákvæða eða tvíræða svörum í túberkúlínprófun, eða eitthvað annað vekur grun um að þau séu smituð, skal þeim slátrað aðskilið frá öðrum dýrum og varúðarráðstafanir gerðar svo að ekki sé hætt á að aðrir skrokkar, sláturlínan og starfsfólk í sláturhúsinu smitist.
2. Allt kjöt af dýrum, þar sem skoðun eftir slátrun leiðir í ljós staðbundnar berklaskemmdir í nokkrum líffærum eða á nokkrum svæðum í skrokknun, skal dæmt óhæft til manneldis. Ef berklaskemmdir greinast hins vegar eingöngu í eitlum eins líffæris eða hluta skrokksins skal einungis það líffæri eða sá hluti skrokksins og tengdir eitlar dæmd óhæft til manneldis.

F. Öldusótt

1. Ef dýr hafa sýnt jákvæða eða tvíræða svörum í öldusóttarprófun, eða eitthvað annað vekur grun um að þau séu smituð, skal þeim slátrað aðskilið frá öðrum dýrum og varúðarráðstafanir gerðar til þess að aðrir skrokkar, færbandið og starfsfólk í sláturhúsinu smitist ekki.
2. Kjöt af dýrum, þar sem skoðun eftir slátrun leiðir í ljós skemmdir sem benda til bráðasýkingar öldusóttar, skal dæmt óhæft til manneldis. Þegar um er að ræða dýr sem hafa sýnt jákvæða eða tvíræða svörum í öldusóttarprófun skulu jógur, kynfæri og blóð dæmd óhæft til manneldis jafnvel þótt engin slík skemmd hafi fundist.

X. KAFLI FYRIRMYND AÐ HEILBRIGÐISVOTTORÐI

A. FYRIRMYND AÐ HEILBRIGÐISVOTTORÐI FYRIR LIFANDI DÝR

HEILBRIGÐISVOTTORÐ

fyrir lifandi dýr sem flutt eru frá bújörð til sláturhúss

Þar til bær þjónusta:

Nr:

1. Upplýsingar til að sanngreina dýrin

Tegund:

Fjöldi dýra:

Auðkennismerking:

2. Uppruni dýranna

Heimilisfang upprunabújarðarinnar:

Auðkenni bújarðar*:

3. Viðtökustaður dýranna

Dýrin verða flutt í eftirfarandi sláturhús

með eftirfarandi flutningateki:

4. Aðrar upplýsingar sem skipta máli.

.....

5. Yfirlýsing

Ég, undirrituð/undirritaður lýsi því yfir að:

- dýrin, sem um getur hér að framan, voru skoðuð fyrir slátrun á framangreindri bújörð kl..... (tími) þann.....(dagsetning) og komist að þeirri niðurstöðu að þau væru heilbrigð,
- skrár og gögn varðandi þessi dýr fullnægja lagalegum kröfum og koma því ekki í veg fyrir slátrun dýranna.

Gjört í:

(Staður)

þann:

(Dagsetning)

Stimpill

.....
(Undirskrift opinbers eða viðurkennds dýralæknis)

(*) Valfrjálst.

B. FYRIRMYND AÐ HEILBRIGÐISVOTTORÐI FYRIR DÝR SEM SLÁTRAÐ ER Á BÚJÖRÐINNI

HEILBRIGÐISVOTTORÐ

fyrir dýr sem slátrað er á bújörðinni

Þar til bær þjónusta:

Nr:

1. Upplýsingar til að sanngreina dýrin

Tegund:

Fjöldi dýra:

Auðkennismörking:

2. Uppruni dýranna

Heimilisfang upprunabújarðarinnar:

Auðkenni bújarðar*:

3. Viðtökustaður dýranna

Dýrin verða flutt í eftirfarandi sláturhús

.....

með eftirfarandi flutningatæki:

4. Aðrar upplýsingar sem skipta máli.

.....

5. Yfirlýsing

Ég, undirrituð/undirritaður lýsi því yfir að:

- dýrin sem um getur hér að framan voru skoðuð fyrir slátrun á framangreindri bújörð kl..... (tími) þann..... (dags.) og komist að þeirri niðurstöðu að þau væru heilbrigð,
- þeim var slátrað á bújörðinni kl. (tími) þann..... (dags.) og slátrun og blæðing fór fram með réttum hætti,
- skrár og gögn varðandi þessi dýr fullnægja lagalegum kröfum og koma því ekki í veg fyrir slátrun dýranna.

Gjört í:

(Staður)

þann:

(Dagsetning)

Stimpill

.....
(Undirskrift opinbers eða viðurkennds dýralæknis)

(*) Valfrjálst.

II. VIÐAUKI

LIFANDI SAMLOKUR

I. KAFLI: GILDISSVIÐ

Þessi viðauki gildir um lifandi samlokur og á hliðstæðan hátt um lifandi skrápdyr, lifandi möttuldýr og lifandi sæsnigla.

II. KAFLI: OPINBERT EFTIRLIT MEÐ LIFANDI SAMLOKUM FRÁ FLOKKUÐUM FRAMLEIÐSLUSVÆÐUM

A. FLOKKUN Á FRAMLEIÐSLU- OG UMLAGNINGARSVÆÐUM

1. Lögbæra yfirvaldið skal fastsetja legu og mörk framleiðslu- og umlagningarsvæða sem það flokkar. Því er heimilt, eftir því sem við á, að gera það í samvinnu við stjórnanda matvælafyrirtækisins.
2. Lögbæra yfirvaldið skal flokka framleiðslusvæði, þar sem það leyfir veiðar á lifandi samlokum, í þrjá flokka eftir því hversu mikillar saurmengunar gætir. Því er heimilt, eftir því sem við á, að gera það í samvinnu við stjórnanda matvælafyrirtækisins.
3. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að flokka svæði í A-flokk þar sem heimilt er að veiða lifandi samlokur sem ætlaðar eru beint til mannelis. Lifandi samlokur, sem veiddar eru á þessum svæðum, verða að uppfylla heilbrigðiskröfurnar fyrir lifandi samlokur sem mælt er fyrir um í V. kafla í VII. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.
4. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að flokka svæði í B-flokk þar sem heimilt er að veiða lifandi samlokur, en ekki setja á markað til mannelis fyrr en þær hafa verið meðhöndlaðar í hreinsunarstöð eða eftir að þær hafa verið umlagðar þannig að þær uppfylli heilbrigðiskröfurnar sem um getur í 3. lið. Í fimm glasa og þriggja þynninga MPN-prófun mega ekki finnast í lifandi samlokum frá þessum svæðum fleiri en 4600 *E. coli* í 100 g af holdi og skelvökva.
5. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að flokka svæði í C-flokk þar sem leyft er að veiða lifandi samlokur, en ekki setja á markað fyrr en þær hafa verið umlagðar svo lengi að þær uppfylli heilbrigðiskröfurnar sem um getur í 3. lið. Í fimm glasa og þriggja þynninga MPN-prófun mega í lifandi samlokum frá þessum svæðum ekki finnast fleiri en 46.000 *E. coli* í 100 g af holdi og skelvökva.
6. Ef lögbæra yfirvaldið tekur þá grundvallarákvörðun að flokka framleiðslu- eða umlagningarsvæði verður það að:
 - a) taka saman skrá yfir mengunarvalda úr mönnum eða dýrum sem kunna að valda mengun á framleiðslusvæðinu,
 - b) rannsaka magn lífræna mengunarefna sem sleppa út í umhverfið á mismunandi árstímum í samræmi við árstíðabundnar breytingar á fjölda fólks og dýra á veiðisvæðinu, úrkommumagn, skolphreinsun, o.s.frv.
 - c) ákvarða hringrás mengunarefna út frá dýrtarmælingum og með því að kortleggja hafstrauma og sjávarföll á framleiðslusvæðinu
og
 - d) koma á sýnatökuáætlun fyrir samlokur á framleiðslusvæðinu sem grundvallast á rannsókn á staðfestum gögnum og þar sem fjöldi sýna, landfræðileg útbreiðsla sýnatökustada og tíðni sýnatöku tryggir að niðurstöður greiningarinnar séu eins dæmigerðar og við verður komið á viðkomandi svæði.

B. EFTIRLIT MEÐ FLOKKUÐUM UMLAGNINGAR- OG FRAMLEIÐSLUSVÆÐUM

1. Umlagningar- og framleiðslusvæði skulu vöktuð reglulega til þess að hafa eftirlit með:
 - a) því að ekki séu veittar villandi upplýsingar að því er varðar uppruna samlokanna, staðinn sem þær koma frá og viðtökustað þeirra,

- b) örverufræðilegum gæðum lifandi samloka í tengslum við framleiðslu- og umlagningsvæði,
- c) því hvort eitrad svif finnst í vatni á framleiðslu- og umlagningsvæðum og lífeitur í lifandi samlokum

og

- d) hvort aðskotaefni finnst í lifandi samlokum.

2. Til þess að hrinda ákvæðum b-, c- og d-liðar 1. liðar í framkvæmd verður að gera sýnatökuáætlanir til þess að slíkt eftirlit geti farið fram reglulega eða í einstökum tilvikum ef veiðitímabil eru óregluleg. Landfræðileg dreifing sýnatökustaða og tíðni sýnatöku verða að tryggja að niðurstöður greiningarinnar séu eins dæmigerðar og við verður komið á viðkomandi svæði.

3. Sýnatökuáætlanir, sem miðast við að hafa eftirlit með örverufræðilegum gæðum lifandi samloka, skulu einkum taka mið af: a) líklegum breytingum á saurmengun

og

- b) breytnum sem um getur í 6. lið. A-hluta.

4. Sýnatökuáætlanir, sem miðast við að hafa eftirlit með því hvort eitrad svif finnst á framleiðslu- og umlagningsvæðum og hvort lífeitur finnst í lifandi samlokum, skulu einkum taka mið af hugsanlegum breytingum á tilvist svifs sem inniheldur sjávarlífeitur. Sýnataka skal felast í:

- a) reglubundinni töku sýna til þess að greina breytingar á samsetningu svifs sem inniheldur eiturefni og landfræðilega útbreiðslu þess. Ef niðurstöður sýna að eiturefni safnast fyrir í holdi lindýra skal fara fram viðtæk sýnataka,

- b) reglubundnum eiturefnaprófunum á þeim lindýrum frá menguðu svæði sem er viðkvæmast fyrir mengun.

5. Alla jafna skal taka sýni fyrir greiningu á eiturefni í lindýrum einu sinni í viku á þeim tímabilum sem veiðar eru heimilaðar. Þessi sýnataka má fara fram sjaldnar á sérstökum svæðum eða fyrir sérstakar tegundir lindýra, ef áhættumat fyrir eiturefni eða plöntusvif benda til þess að verulega lítil hættu sé á eitrunartímabilum. Sýni skulu tekin oftar bendi slíkt mat til þess að ein sýnataka í viku nægi ekki. Endurskoða skal áhættumatið reglulega til þess að meta hættuna á að eiturefni komi fram í lifandi samlokum frá þessum svæðum.

6. Þegar upplýsingar um uppsöfnun eiturefna eru tiltækar fyrir hóp tegunda sem vaxa á sama svæði er heimilt að nota tegundina með mestu uppsöfnunina sem vísitægi. Þannig væri hægt að nýta allar tegundir í hópnum ef innihald eiturefna í viðmiðunartegundinni er undir lögbundnum mörkum. Ef innihald eiturefna í viðmiðunartegundinni er yfir lögbundnum mörkum skal ekki leyfa veiðar á öðrum tegundum nema frekari greiningar á þeim leiði í ljós að innihald eiturefna í þeim sé undir mörkunum.

7. Hvað varðar eftirlit með svifi verða sýnin að vera dæmigerð fyrir vatnið frá yfirborði til botns og veita upplýsingar um tilvist eitradra tegunda sem og um þróun hjá stofnum lífvera. Ef einhverjar breytingar verða á eiturefnum hjá stofnum, sem kunna að leiða til uppsöfnunar eiturefna, skal taka sýni oftar úr lindýrum eða loka svæðinu í varúðarskyni þar til niðurstöður eiturefnagreiningar liggja fyrir. Sýnatökuáætlanir sem miðast við að ganga úr skugga um tilvist aðskotaefna skulu gera kleift að greina styrk umfram þau viðmiðunarmörk sem kveðið er á um í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) No 466/2001⁽¹⁾.

C. ÁKVARÐANIR Í KJÖLFAR EFTIRLITS

- 1. Ef niðurstöður úr rannsóknum á sýnum leiða í ljós að heilbrigðiskröfunum fyrir lindýr er ekki fullnægt eða að heilbrigði manna kann að vera stofnað í hættu á annan hátt verður lögbæra yfirvaldið að loka viðkomandi framleiðslusvæði til að koma í veg fyrir veiðar á lifandi samlokum.

⁽¹⁾ Stjótið. EB L 77, 16.3.2001, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 655/2004 (Stjótið. ESB L 104, 8.4.2004, bls. 48).

Hins vegar er lögbæra yfirvaldinu heimilt að endurflokka framleiðslusvæðið sem framleiðslusvæði í flokki B eða C ef það uppfyllir viðeigandi viðmiðanir sem settar eru fram í A-hluta og heilbrigði manna stafar engin önnur hættu af því.

2. Lögbæra yfirvaldinu er ekki heimilt að opna lokað framleiðslusvæði aftur nema heilbrigðiskröfur fyrir lindýr sé í samræmi við ný lagaákvæði Bandalagsins. Ef lögbæra yfirvaldið lokar framleiðslusvæði vegna svifs eða þess að of mikið magn eiturefna finnst í lindýrum verða niðurstöður tveggja samfelldra greininga, sem gerðar eru með a.m.k. 48 klukkustunda millibili, að vera undir lögbundnum viðmiðunarmörkum áður en það er opnað aftur. Lögbæra yfirvaldinu er heimilt að taka mið af upplýsingum um horfur varðandi plöntusvífið þegar það tekur ákvörðun. Þegar traustar upplýsingar liggja fyrir um eiturvirkni á tilteknu svæði, og að því tilskildu að nýleg gögn um horfur á minnkandi eiturvirkni liggja fyrir, er lögbæra yfirvaldinu heimilt að opna aftur svæðið ef niðurstöður einnar sýnatöku eru undir lögbundnum viðmiðunarmörkum.

D. VIÐBÓTARKRÖFUR UM VÖKTUN

1. Lögbært yfirvald skal vakta flokkuð framleiðslusvæði þar sem veiðar á samlokum hafa verið bannaðar eða þar sem sérstök skilyrði gilda um veiðarnar til þess að tryggja að afurðir, sem skaða heilbrigði manna, séu ekki settar á markað.
2. Auk þess að vakta umlagningar- og framleiðslusvæðin, sem um getur í 1. lið B-hluta, skal setja upp eftirlitskerfi sem tekur til prófana á rannsóknarstofu til þess að ganga úr skugga um að stjórnendur matvælafyrirtækja uppfylli kröfur um tilbúnar vörur á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar. Þetta eftirlitskerfi á einkum að sannreyna að magn sjávarlífeyturs og aðskotaefna fari ekki yfir öryggismörk og að örverufræðileg gæði lindýra stofni heilbrigði manna ekki í hættu.

E. SKRÁNING OG SKIPTI Á UPPLÝSINGUM

Lögbæra yfirvaldið skal:

- a) taka saman og uppfæra skrá yfir samþykkt framleiðslu- og umlagningarsvæði, með ítarlegum upplýsingum um legu þeirra og mörk, sem og flokkinn sem þau eru sett í, þaðan sem heimilt er að taka lifandi samlokur í samræmi við kröfur þessa viðauka. Þessa skrá skal senda til hagsmunaaðila sem þessi viðauki varðar, s.s. framleiðenda, veiðimanna og rekstraraðila hreinsunar- og afgreiðslustöðva,
 - b) tilkynna þeim sem hagsmuna eiga að gæta og þessi viðauki varðar, s.s. framleiðendum, veiðimönnum og rekstraraðilum hreinsunar- og afgreiðslustöðva um hvers kyns breytingar á legu, mörkum eða flokkun á framleiðslusvæði, eða lokun þess hvort sem hún er tímabundin eða endanleg
- og
- c) grípa þegar í stað til aðgerða ef eftirlitið, sem lýst er í þessum viðauka, gefur til kynna að loka verði framleiðslusvæði eða það skuli endurflokkað eða heimilt sé að opna það aftur.

F. EIGHD EFTIRLIT STJÓRNENDA MATVÆLAFYRIRTÆKJA

Þegar lögbæra yfirvaldið tekur ákvörðun varðandi flokkun, opnun eða lokun framleiðslusvæða er því heimilt að taka mið af niðurstöðum eftirlits sem stjórnendur matvælafyrirtækja eða stofnanir, sem koma fram fyrir hönd stjórnenda matvælafyrirtækja, hafa framkvæmt. Í því tilvikum verður lögbæra yfirvaldið að hafa tilnefnt rannsóknarstofuna sem annast greininguna og, ef nauðsyn krefur, verður sýnatöku og greining að hafa átt sér stað í samræmi við aðferðalýsingu sem lögbæra yfirvaldið og stjórnendur matvælafyrirtækjanna eða viðkomandi stofnun hafa komið sér saman um.

III. KAFLI: OPINBERT EFTIRLIT MEÐ LIFANDI DISKUM SEM ERU VEIDDIR UTAN FLOKKAÐRA FRAMLEIÐSLUSVÆÐA

Opinbert eftirlit með diskum, sem eru veiddir utan flokkaðra framleiðslusvæða, skal fara fram á fiskupboðsstöðum, afgreiðslustöðvum og vinnslustöðvum. Með slíku opinberu eftirliti skal sannreyna að heilbrigðiskröfur fyrir lifandi samlokur, sem mælt er fyrir um í V. kafla VII. þáttar III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, séu uppfylltar sem og aðrar kröfur í IX. kafla VII. þáttar III. viðauka við þá reglugerð.

III. VIÐAUKI

LAGARAFURÐIR

I. KAFLI: OPINBERT EFTIRLIT MEÐ FRAMLEIÐSLU OG SETNINGU LAGARAFURÐA Á MARKAÐ

1. Opinbert eftirlit með framleiðslu og setningu lagarafurða á markað skal einkum ná yfir:

- a) reglubundna könnun á hollustuháttum við löndun og fyrstu sölu,
- b) reglubundnar skoðanir á fiskiskipum og starfsstöðvum á landi, þ.m.t. fiskuppbóðsstaðir og heilsölumarkaðir, einkum til að kanna:
 - i) hvort, eftir því sem við á, skilyrðin fyrir samþykki eru ennþá uppfyllt,
 - ii) hvort lagarafurðirnar eru meðhöndlaðar á réttan hátt,
 - iii) hvort farið hafi verið að kröfum um hollustuhætti og hitastig
og
 - iv) þríf í starfsstöðvum, þ.m.t. fiskiskip, og búnaði þeirra og tækjum sem og hreinlæti starfsfólks
og
- c) könnun á skilyrðum við geymslu og flutning.

2. Með fyrirvara um 3. lið gildir hins vegar eftirfarandi um eftirlit með skipum:

- a) heimilt er að opinbert eftirlit með skipum fari fram þegar þau koma til hafnar í aðildarríki,
- b) það varðar öll skip sem landa lagarafurðum í höfnum Bandalagsins, óháð fána þess
og
- c) heimilt er, ef nauðsyn krefur, þegar lögbært yfirvald í aðildarríkinu, sem er fánaríki skipsins, annast opinbera eftirlitið að framkvæma eftirlitið meðan skipið er á sjó eða þegar það er í höfn annars aðildarríkis eða þriðja lands.

3. a) Þegar um er að ræða skoðun verksmiðju- eða frystiskipa, sem sigla undir fána aðildarríkis, sem fram fer í því skyni að samþykkja skipið skal lögbært yfirvald í aðildarríkinu, sem er fánaríki skipsins, annast skoðun þannig að hún sé í samræmi við kröfur 3. gr., einkum að því er varðar tímamörkin sem um getur í 2. mgr. 3. gr. Ef nauðsyn krefur er þessu lögbæra yfirvaldi heimilt að skoða skipið á sjó eða þegar það er í höfn annars aðildarríkis eða þriðja lands.

b) Ef lögbært yfirvald í aðildarríkinu, sem er fánaríki skipsins, hefur veitt skipinu skilyrt samþykki í samræmi við 3. gr. getur þetta lögbæra yfirvald leyft lögbæru yfirvaldi:

- i) í öðru aðildarríki

eða

- ii) í þriðja landi, sem er að finna í skrá yfir þriðju lönd sem innflutningur á lagarafurðum er heimilaður frá og tekin er saman í samræmi við 11. gr., að annast framhaldsskoðun í því skyni að veita fullt samþykki eða framlengja skilyrta samþykkið í samræmi við b-lið 1. mgr. 3. gr. eða hafa samþykkið í stöðugri endurskoðun í samræmi við 4. mgr. 3. gr. Ef nauðsyn krefur er þessu lögbæra yfirvaldi heimilt að skoða skipið á sjó eða þegar það er í höfn annars aðildarríkis eða þriðja lands.

4. Þegar lögbært yfirvald í aðildarríki veitir lögbæru yfirvaldi í öðru aðildarríki eða þriðja landi leyfi til að annast skoðanir fyrir sína hönd í samræmi við 3. lið skulu þessi tvö lögbæru yfirvöld koma sér saman um skilyrðin sem sett eru fyrir slíkum skoðunum. Þessum skilyrðum er einkum ætlað að tryggja að lögbæra yfirvaldinu í aðildarríkinu, sem er fánaríki skipsins, berist tafarlaust skýrslur um niðurstöður skoðananna og um hvers kyns grunsemdir um að kröfum sé ekki fylgt, til þess að það geti gert nauðsynlegar ráðstafanir.

II. KAFLI: OPINBERT EFTIRLIT MEÐ LAGARAFURÐUM

Opinbert eftirlit með lagarafurðum skal taka til a.m.k. eftirfarandi þátta.

A. SKYNNMAT

Eftirlit með skynmatseinkennum slembisýna skal fara fram á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar. Eitt markmið þessa eftirlits er að sannreyna að viðmiðunum um ferskleika, sem settar eru í samræmi við löggjöf Bandalagsins, sé fylgt. Einkum tekur þetta eftirlit til sannrófunar, á öllum stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, á því að lagarafurðir séu a.m.k. yfir þeim grundvallarviðmiðunum um ferskleika sem settar eru í samræmi við löggjöf Bandalagsins.

B. MÆLIKVARÐI Á FERSKLEIKA

Ef skynmat vekur efasemdir um ferskleika lagarafurðanna er heimilt að taka sýni til efnagreiningar á rannsóknarstofu til þess að greina heildarmagn rokgjarns kófnunarefnis (TVB-N) og trímetylamínkófnunarefnis (TMA-N). Lögþæra yfirvaldið skal styðjast við þær viðmiðanir sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins. Ef skynmat vekur efasemdir um að önnur atriði kunnri að vera til staðar sem geti haft áhrif á heilbrigði manna skal taka viðeigandi sýni til að ganga úr skugga um það.

C. HISTAMÍN

Slembiprófun vegna histamíns skal framkvæmd til að sannreyna að þeim viðmiðunargildum, sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins, sé fylgt.

D. LEIFAR OG AÐSKOTAEFNI

Vöktunarfyrirkomulagi skal komið á til þess að hafa eftirlit með leifum og aðskotaefnum í samræmi við löggjöf Bandalagsins.

E. ÖRVERUFRÆÐILEGT EFTIRLIT

Ef nauðsyn krefur skal framkvæma örverufræðilegt eftirlit í samræmi við viðeigandi reglur og viðmiðanir sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins.

F. SNÍKLAR

Slembiprófun skal framkvæmd til þess að ganga úr skugga um að ákvæðum í löggjöf Bandalagsins um sníkla sé fylgt.

G. EITRAÐAR LAGARAFURÐIR

Eftirlit skal haft til að tryggja að eftirtaldar lagarafurðir séu ekki settar á markað:

1. eitraður fiskur af eftirtöldum ættum: kýlingar (Tetraodontidae), tunglfiskar (Molidae), ígulfskar (Diodontidae), knattfiskar (Canthigasteridae)

og

2. lagarafurðir sem innihalda lífeitur, s.s. sigvatera, eða annað eitur sem er hættulegt heilbrigði manna. Hins vegar má setja lagarafurðir, sem eru unnar úr samlokum, skrápýrum, möttuldýrum og sæsniglum, á markað ef þær hafa verið framleiddar í samræmi við VII. þátt III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004 og uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 2. lið V. kafla sama þátтар.

III. KAFLI: ÁKVARÐANIR Í KJÖLFAR EFTIRLITS

Lagarafurðir skulu dæmdar óhæfar til manndis ef:

1. skynrænt, efnaræðilegt, efnislegt eða örverufræðilegt mat eða skoðun með tilliti til sníkla hefur leitt í ljós að þær eru ekki í samræmi við viðeigandi ákvæði í löggjöf Bandalagsins,
2. ætir hlutar þeirra innihalda aðskotaefni eða efnaleifar umfram þau viðmiðunargildi sem mælt er fyrir um í löggjöf Bandalagsins eða í slíku magni að áætluð upptaka úr fæðunni fer yfir viðtekna dags- eða vikuskammta fyrir menn,

3. þær eru framleiddar úr
 - i) eitruðum fiski,
 - ii) lagarafurðum sem fullnægja ekki kröfu 2. liðar G-hluta í II. kafla um lífeitur
eða
 - iii) samlokum, skrápýrum, möttuldýrum eða sæsniglum og heildarmagn lífeiturs í þeim er yfir þeim viðmiðunargildum sem um getur í reglugerð (EB) nr. 853/2004
eða
 4. lögbæra yfirvaldið telur að þær kunni að stofna heilbrigði manna eða dýra í hættu eða þær eru af öðrum ástæðum dæmdar óhæfar til mannelis.
-

IV. VIÐAUKI

HRÁMJÓLK OG MJÓLKURAFURÐIR

I. KAFLI: EFTIRLIT MEÐ MJÓLKURFRAMLEIÐSLUBÚUM

1. Dýr á mjólkurframleiðslubúum skulu vera undir opinberu eftirliti til þess að sannreyna megi að heilbrigðiskröfum um framleiðslu á hrámjólk, einkum kröfum um heilbrigðisástand dýranna og notkun dýralyfja, sé fylgt.

Þetta eftirlit má fara fram ásamt með heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum samkvæmt ákvæðum Bandalagsins um lýðheilsu eða heilbrigði eða velferð dýra og framkvæmt af samþykktum dýralækni.

2. Ef grunsemdir eru um að kröfum um heilbrigði dýra sé ekki fylgt skal kanna almennt heilbrigðisástand dýranna.
3. Hafa skal opinbert eftirlit með mjólkurframleiðslubúum til þess að ganga úr skugga um að kröfum um hollustuhætti sé fylgt. Þetta opinbera eftirlit getur tekið til skoðana og/eða vöktunar á eftirliti sem faglegar stofnanir annast. Ef í ljós kemur að hollustuháttum er ábótavant skal lögbæra yfirvaldið sjá til þess að nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar til þess að ráða bót á ástandinu.

II. KAFLI: EFTIRLIT MEÐ HRÁMJÓLK VIÐ SÖFNUN

1. Opinbera yfirvaldið skal hafa eftirlit með því að skoðanir fari fram í samræmi við III. hluta I. kafla í IX. þætti I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.
2. Hafi stjórnandi matvælafyrirtækisins ekki ráðið bót á ástandinu innan þriggja mánaða frá fyrstu tilkynningu frá lögbæra yfirvaldinu þess efnis að viðmiðunum um fjölda gerla og líkamsfrumna sé ekki fylgt skal stöðva afgreiðslu á hrámjólk frá framleiðslubúinu tímabundið í samræmi við sérstaka heimild, eða almenn tilmæli frá lögbæra yfirvaldinu með fyrirvara um kröfur varðandi meðhöndlun og notkun hennar sem nauðsynlegar eru til að vernda lýðheilsu. Þessi tímabundna stöðvun eða þessar kröfur skulu gilda þar til stjórnandi matvælafyrirtækisins hefur fært sönnur á að hrámjólkin fylgi á ný settum viðmiðunum.

V. VIÐAUKI

**STARFSSTÖÐVAR SEM FALLA EKKI UNDIR KRÖFUR UM
SKRÁNINGU SKV. 1. MGR. 12. GR.**

Eftirfarandi starfsstöðvar í þriðju löndum þarf ekki að tilgreina í skránum sem samdar eru og uppfærðar í samræmi við 4. mgr. 12. gr.:

1. starfsstöðvar sem meðhöndla afurðir úr dýraríkinu en í III. viðauka við reglugerð. (EB) nr. 853/2004 finnast hins vegar engar kröfur að því er varðar þessar afurðir,
2. starfsstöðvar sem eingöngu annast frumframleiðslu,
3. starfsstöðvar sem eingöngu annast flutningastarfsemi,
4. starfsstöðvar sem eingöngu annast geymslu afurða úr dýraríkinu sem krefjast ekki hitastýrðra geymsluskilyrða.

VI. VIÐAUKI

KRÖFUR VARÐANDI VOTTORÐ SEM FYLGJA INNFLUTTUM VÖRUM

1. Fulltrúi lögbærs yfirvalds í þriðja landi, sem sending kemur frá og gefur út vottorð sem á að fylgja sendingu afurða úr dýraríkinu sem á að fara til Bandalagsins, verður að undirrita vottorðið og sjá til þess að það sé með opinberum stimpli. Þessi krafa á við um hvert blað ef vottorðið er á tveimur eða fleiri blöðum. Þegar um er að ræða verksmiðjuskip getur lögbæra yfirvaldið veitt skipstjóra eða öðrum yfirmanni á skipinu leyfi til að undirrita vottorðið.
2. Vottorð skulu vera á opinberu tungumáli eða tungumálum þess þriðja lands, sem sendir afurðirnar, og þess aðildarríkis þar sem skoðun fer fram á landamærum eða þeim skal fylgja löggild þýðing á því tungumáli eða þeim tungumálum. Ef viðtökuaðildarríkið fer fram á það skal vottorðunum einnig fylgja löggild þýðing á þeim á opinberu tungumáli eða tungumálum þess aðildarríkis. Aðildarríki getur þó fallist á að notað sé annað tungumál Bandalagsins en þess eigið.
3. Frumrit vottorðs verður að fylgja sendingu við komu inn í Bandalagið.
4. Vottorð skal vera:
 - a) á einu blaði
eða
 - b) á tveimur eða fleiri blöðum sem eru hluti af heilli, óskiptanlegri pappírsörk
eða
 - c) á nokkrum blöðum sem eru tölusett þannig að hver blaðsíða er merkt sem tiltekin síða í samfelldri röð (t.d. „blaðsíða 2 af 4“).
5. Vottorð skulu hafa sérstakt auðkennisnúmer. Ef vottorð er á nokkrum blöðum verður þetta númer að standa á hverri blaðsíðu.
6. Vottorðið skal gefið út áður en sending, sem það gildir fyrir, hverfur undan eftirliti lögbæra yfirvaldsins í viðkomandi sendingarríki sem er þriðja land.

Fylgiskjal II.**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1663/2006**

frá 6. nóvember 2006

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 frá 29. apríl 2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis⁽¹⁾, einkum 17. gr. ⁽¹⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu⁽²⁾ er það stjórnanda matvælafyrirtækis að láta fjarlægja hálskirtla eftir skoðun eftir slátrun.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um kröfur að því er varðar framleiðslu á broddi. Framleiðslan skal því vera undir opinberu eftirliti.
- 3) Í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 eru settar almennar meginreglur sem ber að fylgja þegar um er að ræða vottorð sem fylgja innfluttum afurðum úr dýraríkinu frá þriðju löndum. Einkum er gerð sú krafa að vottorð skuli vera a.m.k. á opinberu tungumáli þess þriðja lands sem sendir afurðirnar og opinberu tungumáli viðtökuáðildarríkisins. Þessi tvöfalda krafa hefur nú þegar leitt til ýmissa vandamála við framkvæmd og

rekstur og því er hentugra að takmarka kröfurnar við þá grundvallarreglu að vottorðin skuli a.m.k. vera á opinberu tungumáli eða tungumálum viðtökuáðildarríkisins. Við tilteknar aðstæður skal þó, með tilliti til hagsmuna þriðja lands sem er sendingarland, halda í gildi ákvæði sem heimilar umræddu þriðja landi að nota eigið opinbert tungumál sem viðbót við framangreinda meginreglu. Breyta ber VI. viðauka til samræmis við það.

- 4) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 854/2004 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I., IV. og VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á sjöunda degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2006.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Markos KYPRIANOU

framkvæmdastjóri.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55. Leiðrétt með Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 22. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2076/2005

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 206. Leiðrétt með Stjtið. ESB L 226, 25.6.2004, bls. 83. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2076/2005 (Stjtið. ESB L 338, 22.12.2005, bls. 83).

VIÐAUKI

1. Ákvæðum I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 er breytt sem hér segir:
 - a) í I. kafla IV. þætti:
 - i. í 1. lið A-hluta falli orðin „fjarlæging hálskirtla“ brott,
 - ii. í 1. lið B-hluta falli setningin „Hálskirtlar skulu fjarlægðir,“ brott,
 - b) í 1. lið III. kafla IV. þáttar falli setningin „Fjarlægja skal hálskirtla,“ brott,
2. Í stað IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 komi eftirfarandi:

„IV. VIÐAUKI

HRÁMJÓLK, BRODDUR, MJÓLKURAFURÐIR OG AFURÐIR SEM ERU AÐ STOFNI ÚR BRODDI

I. KAFLI: EFTIRLIT MEÐ MJÓLKUR- OG BRODDFRAMLEIÐSLUBÚUM

1. Dýr á mjólkur- og broddframleiðslubúum skulu vera undir opinberu eftirliti til þess að sannreyna megi að heilbrigðiskröfum um framleiðslu á hrámjólk, einkum kröfum um heilbrigðisástand dýranna og notkun dýralyfja, sé fylgt.

Þetta eftirlit má fara fram ásamt með heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum samkvæmt ákvæðum Bandalagsins um lýðheilsu eða heilbrigði eða velferð dýra og vera framkvæmt af samþykktum dýralækni.
2. Ef grunsemdir eru um að kröfum um heilbrigði dýra sé ekki fylgt skal kanna almennt heilbrigðisástand dýranna.
3. Hafa skal opinbert eftirlit með mjólkur- og broddframleiðslubúum til þess að ganga úr skugga um að kröfum um hollustuhætti sé fylgt. Þetta opinbera eftirlit getur tekið til skoðana og/eða vöktunar á eftirliti sem faglegar stofnanir annast. Ef í ljós kemur að hollustuháttum er ábótavant skal lögbæra yfirvaldið sjá til þess að nauðsynlegar ráðstafanir verði gerðar til þess að ráða bót á ástandinu.

II. KAFLI: EFTIRLIT MEÐ HRÁMJÓLK OG BRODDI VIÐ SÖFNUN

1. Ef um er að ræða hrámjólk og brodd skal opinbera yfirvaldið hafa eftirlit með því að skoðanir fari fram í samræmi við III. hluta I. kafla í IX. þætti III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004.
2. Hafi stjórnandi matvælafyrirtækisins ekki ráðið bót á ástandinu innan þriggja mánaða frá fyrstu tilkynningu frá lögbæra yfirvaldinu þess efnis að viðmiðunum um fjölda gerla og/eða líkamsfrumna sé ekki fylgt skal stöðva afgreiðslu á hrámjólk og broddi frá framleiðslubúinu tímabundið í samræmi við sérstaka heimild eða almenn tilmæli frá lögbæra yfirvaldinu með fyrirvara um kröfur varðandi meðhöndlun og notkun hennar sem nauðsynlegar eru til að vernda lýðheilsu. Þessi tímabundna stöðvun eða þessar kröfur gilda þar til stjórnandi matvælafyrirtækisins hefur fært sönnur á að hrámjólkin og broddurinn fylgi á ný settum viðmiðunum.“
3. Í stað 2. liðar 2 í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 854/2004 komi eftirfarandi:
 - „2. Vottorð skulu a.m.k. vera á opinberu tungumáli eða tungumálum viðtökuaðildarríkis og þeirra aðildarríkja þar sem skoðun fer fram á landamærum eða þeim fylgja löggild þýðing á því tungumáli eða þeim tungumálum. Aðildarríki getur þó fallist á að notað sé annað tungumál Bandalagsins en þess eigið.“